# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 71.500, eintakið kr. 715.

**Nr. 10 109. ár** **Þriðjudaginn 19. janúar 2016**

Útgáfud.: 12. janúar 2016

**Hlutafélagaskrá – nýskráning**

*Félagið heitir:* **Talibani ehf.**

*Kt.:* 691215-1480.

*Heimili og varnarþing:* **Hvassaleiti 15, 103 Reykjavík.**

*Dagsetning samþykkta er:* 21. desember 2015.

*Stofnendur:* Einar Ágúst Víðisson, kt. 130873-5029, Ferjubakka 6, 109 Reykjavík.

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 21. desember 2015.

Stjórnarmaður: Einar Ágúst Víðisson. Varastjórn: Andrea Diljá Edvinsdóttir, kt. 140391-3019, Hvassaleiti 15, 103 Reykjavík.

*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.

*Prókúruumboð:* Einar Ágúst Víðisson.

*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Endurskoðun og ráðgjöf ehf., kt. 671086-1209, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, Eymundur Sveinn Einarsson, kt. 081166-3319, Sunnuflöt 12, 210 Garðabær.

*Hlutafé kr.:* 500.000 ISK

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er sviðslistir, auglýsingalestur, tónleikahald og tengd starfsemi.

*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.

*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000556

---

Útgáfud.: 12. janúar 2016

**Hlutafélagaskrá – nýskráning**

*Félagið heitir:* **Bluetanit ehf.**

*Kt.:* 701215-1170.

*Heimili og varnarþing:* **Heiðarlundi 7J, 600 Akureyri.**

*Dagsetning samþykkta er:* 20. desember 2015.

*Stofnendur:* Birgir Rafn Ólason, kt. 241175-3759, Heiðarlundi 7j, 600 Akureyri.

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 20. desember 2015.

Stjórnarmaður: Birgir Rafn Ólason. Varastjórn: Hildigunnur Rut Jónsdóttir, kt. 150678-4209, Heiðarlundi 7j, 600 Akureyri.

*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.

*Framkvæmdastjórn:* Birgir Rafn Ólason.

*Prókúruumboð:* Birgir Rafn Ólason.

*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Davíð Búi Halldórsson, kt. 190777-5299, Vörðutúni 1, 600 Akureyri, Enor ehf., kt. 530612-2010, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri.

*Hlutafé kr.:* 500.000 ISK

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er framleiðsla og dreifing á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni og annarri dagskrárgerð sem og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Tilgangur félagsins er einnig framleiðsla og sala á tækjabúnaði og innflutningur/útflutningur á vörum. Viðburðarstjórnun er einnig tilgangur félagsins.

*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.

*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000557

---

Útgáfud.: 12. janúar 2016

**Hlutafélagaskrá – nýskráning**

*Félagið heitir:* **ÁRG verk og þjónusta ehf.**

*Kt.:* 701215-2490.

*Heimili og varnarþing:* **Ármúla 36, 108 Reykjavík.**

*Dagsetning samþykkta er:* 20. nóvember 2015.

*Stofnendur:* Árni Guðbjörnsson, kt. 280550-4699, Ársölum 5, 201 Kópavogur.

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 20. nóvember 2015.

Stjórnarmaður: Árni Guðbjörnsson. Varastjórn: Guðríður Ósk Axelsdóttir, kt. 231052-2599, Hringbraut 13, 220 Hafnarfjörður.

*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.

*Framkvæmdastjórn:* Árni Guðbjörnsson.

*Prókúruumboð:* Árni Guðbjörnsson.

*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Þorvaldur Ingimundarson, kt. 080370-5209, Goðheimum 6, 104 Reykjavík, Sigurður K. Sveinbjörnsson, kt. 220860-3619, Engjaseli 65, 109 Reykjavík.

*Hlutafé kr.:* 500.000 ISK

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er almenn byggingarstarfsemi, verktaka og annar skyldur rekstur. Kaup, sala og rekstur fasteigna og annara rekstrarfjármuna.

*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.

*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000558

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er hótelrekstur, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og önnur skyld starfsemi.

*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.

*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000131

---

Útgáfud.: 5. janúar 2016

## Lok slitameðferðar LBI hf. með nauðasamningi

Þann 7. október 2008 leysti Fjármálaeftirlitið stjórn Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.) frá störfum og skipaði félaginu skilanefnd á grundvelli heimildar í lögum nr. 125/2008. LBI hf. var veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 5. desember 2008 og var heimildin reist á 2. þætti laga nr. 21/1991, með þeim frávikum sem fólust í lögum nr. 129/2008 sem tóku gildi þann 15. nóvember 2008. Með setningu laga nr. 44/2009 breyttist inntak og eðli greiðslustöðvunar LBI hf. en með gildistöku laganna þann 22. apríl 2009 hófst slitameðferð félagsins og var því skipuð slitastjórn þann 29. apríl 2009. Innköllun var gefin út til kröfuhafa þann 30. apríl 2009 sem birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaðinu þann sama dag og lauk kröfulýsingarfresti þann 30. október 2009. Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 22. nóvember 2010 var kveðið á um að um slitameðferð LBI hf. skyldi, frá þeim tíma, fara eftir almennum reglum og féll greiðslustöðvun félagsins samhliða niður.

Í samræmi við 3. mgr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum ákvað slitastjórn LBI hf. að leita nauðasamnings til að ljúka slitameðferð félagsins. Á fundi með atkvæðismönnum sem haldinn var þann 23. nóvember 2015 var frumvarp að nauðasamningi LBI hf. samþykkt með 99,67% atkvæða eftir höfðatölu og 99,76% atkvæða eftir kröfufjárhæðum.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 18. desember 2015 var nauðasamningur LBI hf. staðfestur. Úrskurðurinn sætti ekki kæru til Hæstaréttar Íslands og varð nauðasamningurinn því endanlegur og bindandi að loknum kærufresti, þann 25. desember 2015.

Í samræmi við 3. mgr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum sbr. 2. mgr. 153. gr. og 2. mgr. 162. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. tilkynnist hér með að slitameðferð LBI hf., kt. 540291-2259, Álfheimum 74, Reykjavík lauk þann 25. desember 2015 með því að nauðasamningur komst á milli félagsins og kröfuhafa þess.

Nauðasamningur LBI hf. er eftirfarandi efnis:

*I. Inngangur og meginefni frumvarps.*

Skjal þetta er frumvarp að nauðasamningi í slitameðferð LBI sem lagt er fram af hálfu slitastjórnar félagsins („*slitastjórn*“) á grundvelli 3. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 („*lög um fjármálafyrirtæki*“), sbr. einnig ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 („*lög um gjaldþrotaskipti*“) eftir því sem við á.

Meginefni frumvarps þessa er sem hér greinir, í réttri tímaröð eftir efndum:

a) Við staðfestingu nauðasamnings verður innt af hendi framlag LBI til Seðlabanka Íslands, í samræmi við ákvörðun sem tekin var og kynnt á kröfuhafafundi þann 2. október 2015, samkvæmt heimild í

4. málslið 2. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki og ákvæði til bráðabirgða III. í lögum nr. 36/2001, sbr. lög nr. 59/2015 („*stöðugleikaframlag LBI*“). Gegn slíku stöðugleikaframlagi verði uppfyllt skilyrði fyrir undanþágu Seðlabanka Íslands frá ákvæðum laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál þannig að LBI verði unnt að efna allar þær greiðslur sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að renna skuli til kröfuhafa félagsins.

b) Greiddar verða endanlega samþykktar kröfur með rétthæð samkvæmt 109. til og með 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti og aðrar þær skuldbindingar sem fjallað er um í II. kafla frumvarps þessa, eftir því sem nánar greinir í efni þess kafla.

c) Greidd verður lágmarksgreiðsla í evrum („*EUR*“) sem nemur að jafnvirði 1.700.000 íslenskra króna („*ISK*“), eftir því sem nánar greinir í III. kafla frumvarps þessa.

d) Gefnir verða út út nýir hlutir í félaginu, að nafnvirði ISK 1.600.000.000 og eldra skráð hlutafé í því fært niður að fullu, án endurgjalds til eldri hluthafa. Félaginu verða settar nýjar samþykktir sem einkahlutafélagi á hluthafafundi sem slitastjórn heldur í þessu skyni.

e) Félagið skal gefa út vaxtalaus skuldabréf með breytirétti sem skulu nema alls að höfuðstólsverðmæti jafnvirði ISK 288.059.442.384 og hafa lokagjalddaga á árinu 2035, sem greiða skal með því lausa fé sem til reiðu er hjá félaginu hverju sinni, eins og nánar er kveðið á um í skilmálum skuldabréfanna. Skuldabréfin skulu gefin út í EUR og miðast fjárhæð þeirra í þeim gjaldmiðli við skráð gengi Seðlabanka Íslands á útgáfudegi.

f) Samningskröfuhafar með kröfur sem nema hærri fjárhæð en ISK 11.821.975 (hér eftir „*viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa*“) fá, auk lágmarksgreiðslu skv. c) lið, afhent hlutafé félagsins skv. d) lið, að réttri tiltölu eftir hlutfalli milli (1) þess hluta samningskröfunnar sem er umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa og (2) heildarfjárhæðar allra samningskrafna að því leyti sem þær eru umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa, eftir því sem nánar greinir í III. kafla frumvarps þessa.

g) Samningskröfuhafar með kröfur sem nema hærri fjárhæð en viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa fá, auk lágmarksgreiðslu skv. c) lið og hlutafé skv. f) lið, afhenta hlutdeild í skuldabréfi skv. e) lið, að réttri tiltölu eftir hlutfalli milli (1) þess hluta samningskröfunnar sem er umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa og (2) heildarfjárhæðar allra samningskrafna að því leyti sem þær eru umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa, eftir því sem nánar greinir í III. kafla frumvarps þessa.

h) Að loknum efndum skv. f) og g) lið verður haldinn hluthafafundur þar sem ný stjórn félagsins verður kosin í samræmi við samþykktir félagsins og mun hún fara með stjórn þess og rekstur frá þeim degi.

Til fyllingar framangreindri upptalningu meginatriða frumvarps þessa og um nánari efnisatriði frumvarpsins vísast til umfjöllunar í köflum II. til IV. hér á eftir.

*II. Meðhöndlun og greiðsla krafna sem lýst er með forgangi skv. 109. til og með 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti.*

Gert er ráð fyrir því að við staðfestingu nauðasamnings á grundvelli frumvarps þessa séu fyrir hendi ógreiddar samþykktar kröfur með

rétthæð samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti sem færðar hafa verið í ISK skv. 3. mgr. 99. gr. sömu laga, sbr. 3. liður hér á eftir. Þá kunni að vera fyrir hendi kröfur sem lýst hefur verið með rétthæð samkvæmt 109. til og með 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti, sem eru skilyrtar eða slitastjórn hefur hafnað að einhverju leyti eða öllu, en ágreiningur hefur ekki verið til lykta leiddur. Nánari grein er gerð fyrir þeim kröfum sem hér um ræðir í upplýsingariti fyrir kröfuhafa sem er fylgiskjal frumvarps þessa („*upplýsingarit fyrir kröfuhafa*"). Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að kröfur með lýsta rétthæð samkvæmt 109. til og með 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti verði meðhöndlaðar, og eftir atvikum greiddar, með eftirfarandi hætti:

1. Til að tryggja að til reiðu séu nægir fjármunir í ISK, ef til greiðslu kemur á skilyrtri eða umdeildri kröfu samkvæmt framangreindu, sem lýst var í ISK með rétthæð samkvæmt 109. til og með 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti, skal slitastjórn, í samræmi við ákvörðun sem tekin var og kynnt á kröfuhafafundi þann 2. október 2015, leggja inn á sérstakan reikning í nafni LBI hjá Seðlabanka Íslands fjárhæð sem nemur ISK 6.000.000.000. Að því marki sem fjárhæðin rennur ekki til greiðslu krafna af þessum toga sem kunna að verða viðurkenndar, eða til greiðslu annarra krafna í ISK, sem heimilað hefur verið að greiða af fjárhæðinni, mun hún renna til Seðlabanka Íslands sem hluti af stöðugleikaframlagi LBI og á grundvelli samninga þar að lútandi.

2. Að því marki sem kröfur samkvæmt framangreindu, sem lýst hefur verið með rétthæð samkvæmt 109. til og með 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti, yrðu greiddar með erlendum gjaldeyri eða með öðrum eignum en íslenskum krónum (t.d. vegna skuldajöfnuðar að uppfylltum skilyrðum 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti) ef þær verða viðurkenndar, skal slitastjórn, og síðar stjórn félagins eins og hún er skipuð á hverjum tíma, halda til haga nægum lausum eignum í fórum félagsins til að tryggt sé að greiðsla á kröfum af þessum toga, eða afhending tiltekinna eigna ef um eignar- eða veðréttindi er að ræða, eða ef um skuldajöfnuð gagnvart kröfu er varðar tiltekna eign er að ræða, geti átt sér stað í þeim gjaldmiðli sem við á.

3. Fyrirliggjandi eru ógreiddar kröfur að fjárhæð ISK 210.587.261.213 sem eru endanlega samþykktar með rétthæð samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Í kjölfar staðfestingar nauðasamnings á grundvelli frumvarps þessa og þegar fyrir liggur að LBI er ekki lengur skattaðili í skilningi 2. gr. laga nr. 60/2015 um stöðugleikaskatt, skal slitastjórn verja lausu fé sem til reiðu kann að vera í erlendum gjaldmiðlum, að teknu tilliti til mögulegra ráðstafana vegna krafna með rétthæð samkvæmt 109. til og með 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti annars vegar og nauðsynlegs rekstarkostnaðar í starfsemi LBI hins vegar, til greiðslu umræddra krafna. Skulu allar endanlega samþykktar kröfur af þessum toga greiddar að fullu áður en til greiðslu samningskrafna kemur eftir því sem greinir í III. kafla frumvarps þessa.

4. Að því marki sem fyrir hendi kunna að vera kröfur sem lýst hefur verið með rétthæð samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti, sem enn eru umdeildar eða skilyrtar er greiðslur samkvæmt 3. lið hér að framan fara fram, skal greiðsla vegna þeirra, sem miðar við hæstu kröfugerð hlutaðeigandi kröfuhafa, lögð inn á sérstakan fjárvörslu-innlánsreikning í nafni LBI sem stofnaður skal í þessu skyni. Um nánari útfærslu og greiðslu af þessum toga, tilkynningar til hlutaðeigandi kröfuhafa og úrvinnslu þegar endanleg úrlausn ágreinings liggur fyrir, hvort sem er af hálfu slitastjórnar eða stjórnar félagins eins og hún er skipuð á hverjum tíma, fer eftir fyrirmælum 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki sem um þetta gilda.

5. Verði greiðslu endanlega samþykktrar kröfu með rétthæð samkvæmt 109. til og með 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti ekki við komið vegna atvika er varða hlutaðeigandi kröfuhafa eða vegna annarra tálmana á því að greiðsla geti farið fram, skal greiðslufjárhæðinni ráðstafað inn á fjárvörsluinnlánsreikning með sama hætti og eftir sömu reglum og greinir í 4. lið hér að framan. Hlutaðeigandi kröfuhafi skal fá greiðsluna auk hlutdeildar í áföllnum vöxtum um leið og sýnt er fram á að greiðsla geti átt sér stað og tálmun er lokið. Sama á við ef greiðslu vegna umdeildrar kröfu verður ekki við komið eftir að hún hefur verið endanlega samþykkt.

6. Fjármunum sem ráðstafað er inn á fjárvörsluinnlánsreikning(a) vegna þeirra atvika sem um ræðir í 5. lið hér að framan, og/eða fjármunum sem lagðir hafa verið inn á fjárvörsluinnlánsreikninga í tengslum við fyrri hlutagreiðslur slitastjórnar samkvæmt heimild í 6. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, hvort sem er í ISK eða erlendum gjaldmiðlum, skal haldið aðgreindum frá fjárhag LBI og teljast ekki til eigna félagsins heldur eigna hlutaðeigandi kröfuhafa.

7. Í samræmi við ákvarðanir um stöðugleikaframlag og ábyrgðar- og skaðleysi, sem teknar voru og kynntar á kröfuhafafundi þann 2. október 2015, skal LBI leggja til hliðar í sérstakan skaðleysissjóð alls EUR 20.000.000, sem standa skulu til tryggingar því skaðleysi sem hér um ræðir. Um nánari útfærslu samþykktar um ábyrgðar- og skaðleysi og hinn sérstaka skaðleysissjóð sem þar um ræðir, þ.m.t. hvernig honum skal við haldið, er vísað til upplýsingarits fyrir kröfuhafa. Ákvörðun um ábyrgðar- og skaðleysi, og hugsanlegar skuldbindingar sem falla kunna á félagið eftir staðfestingu nauðasamnings vegna þess eru ekki takmarkaðar við framangreinda fjárhæð.

*III. Meðhöndlun og greiðsla almennra krafna skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti.*

Að teknu tilliti til allra þeirra forsendna sem fram koma í II. kafla frumvarps þessa og efndum þeirra skuldbindinga sem þar greinir, þ.m.t. fullri greiðslu allra endanlega samþykktra forgangskrafna, skal hefja efndir almennra krafna skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti, eftir því sem hér segir:

1. Þegar til reiðu eru nægir lausir fjármunir í fórum LBI til efnda samkvæmt því sem hér greinir, skal slitastjórn inna af hendi lágmarksgreiðslu til allra kröfuhafa með endanlega samþykkar almennar kröfur skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti, þó ávallt í samræmi við 4. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Samsvarandi greiðslur skulu inntar af hendi vegna krafna sem falla undir 11. lið hér á eftir. Lágmarksgreiðslan skal greidd með millifærslu inn á bankareikning kröfuhafa og í þeirri fjárhæð í EUR sem er að jafnvirði ISK 1.700.000 miðað við skráð sölugengi Seðlabanka Íslands á greiðsludegi lágmarksgreiðslunnar. Kröfuhafar sem eiga lægri kröfu en sem nemur framangreindri fjárhæð lágmarksgreiðslu í ISK, fá kröfur sínar greiddar að fullu og takmarkast fjárhæð lágmarksgreiðslu hlutaðeigandi við þá fjárhæð. Kröfur kröfuhafa sem fá kröfur sínar greiddar að fullu með lágmarksgreiðslu teljast ekki samningskröfur, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Samningskröfuhafar sem eiga jafn háa eða hærri kröfu en nemur lágmarksgreiðslunni fá alla fjárhæð lágmarksgreiðslunnar. Greiðsla samkvæmt þessum lið skal fara fram á þeim degi sem er síðar af (a) 20 virkum dögum frá fullum efndum samkvæmt II. kafla frumvarps þessa og (b) frá því að nægir fjármunir eru til reiðu svo full greiðsla geti farið fram samkvæmt þessum lið, ásamt því að samsvarandi greiðslur geti verið lagðar inn á fjárvörsluinnlánsreikning vegna

krafna sem eru skilyrtar eða ágreiningur stendur um og falla undir 11. lið hér á eftir.

2. Frumvarp þetta kveður á um að 14,38% samningskrafna verði greiddar með þeim hætti sem nánar greinir í frumvarpinu og að eftirgjöf samningskrafna nemi því 85,62%, með þeim frávikum einum á endurheimtum kröfuhafa sem leiða af mismunandi áhrifum lágmarksgreiðslu, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Greiðslur umfram lágmarksgreiðslur verða inntar af hendi til þeirra kröfuhafa sem eiga samningskröfur sem nema hærri fjárhæð en viðmiðunarmarki vegna afhendingar verðbréfa. Kröfuhafar sem eiga samningskröfur sem eru jafn háar eða lægri en nemur þessari fjárhæð teljast hafa gefið eftir lægra hlutfall af kröfum sínum en sem nemur framangreindu greiðsluhlutfalli samningskrafna.

3. Frumvarp þetta felur í sér frávik frá fyrirmælum 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti, sbr. heimild þar að lútandi í 3. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki. Frumvarpið gerir því hvorki ráð fyrir fastri fjárhæð sem boðin er til greiðslu á samningskröfum né felur frumvarpið í sér ákvæði um það hvenær greiðslur muni eiga sér stað. Tímasett áætlun um endurheimtur og tengd atriði er í IV. kafla frumvarps þessa.

4. Eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að greiðslur skv. 1. lið þessa kafla hafa verið inntar af hendi skal slitastjórn gefa út nýtt hlutafé í félaginu, að nafnvirði ISK 1.600.000.000, og færa niður að fullu eldra skráð hlutafé í því auk þess að setja félaginu nýjar samþykktir sem einkahlutafélag, í meginatriðum með því efni sem nánar greinir í upplýsingariti fyrir kröfuhafa, á hluthafafundi sem slitastjórn heldur í þessu skyni, sbr. 2. málslið 4. mgr. 101. gr. og 3. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki. Slík niðurfærsla á eldra hlutafé skal vera án endurgjalds fyrir eldri hluthafa þess og án þess að innköllun eða tilkynning til hluthafa hafi farið fram samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995.

5. Eftir útgáfu nýrra hluta og setningu samþykkta á hluthafafundi samkvæmt 4. lið að framan, skal slitastjórn innan 10 virkra daga frá umræddum hluthafafundi skrá hið nýja hlutafé í félaginu á nöfn þeirra kröfuhafa sem eiga samningskröfur er nema hærri fjárhæð en viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa, að réttri tiltölu eftir hlutfalli milli (1) þess hluta samningskröfunnar sem er umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa og (2) heildarfjárhæðar allra samningskrafna að því leyti sem þær eru umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa. Sú krónutala hlutafjár sem samningskröfuhafi fær sér til handa er greidd með eftirgjöf kröfu hans.

6. Áður en til skráningar á hlutafé skv. 5. lið hér að framan kemur skal félagið hafa gefið út vaxtalaus skuldabréf að nafnvirði alls að jafnvirði ISK 288.059.442.384 en gefið út í EUR, sem jafnframt er greiðslumynt bréfsins, og miðast endanleg fjárhæð þess í þeim gjaldmiðli við skráð gengi Seðlabanka Íslands á útgáfudegi. Skuldabréfin skulu vera greidd til baka samkvæmt svokölluðu fjársópsákvæði, þ.e. með lausu fé sem til reiðu er hverju sinni hjá félaginu. Lokagjalddagi bréfanna skal vera á árinu 2035. Skuldabréfin verður með breytirétti í hlutafé sem stjórn félagsins getur ákveðið að nýta á tímabilinu frá 1. september 2018 (nýta má breytiréttinn frá 1. september til 20. desember ár hvert frá 2018 að telja) að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Nánari upplýsingar um skilmála skuldabréfsanna eru í meðfylgjandi upplýsingariti fyrir kröfuhafa.

7. Samhliða afhendingu nýrra hluta í félaginu samkvæmt því sem fram kemur í 5. lið hér að framan skal slitastjórn afhenda þeim

kröfuhöfum sem eiga samningskröfur er nema hærri fjárhæð en viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa, hlutdeild í skuldabréfi samkvæmt 6. lið, að réttri tiltölu eftir hlutfalli milli (1) þess hluta samningskröfunnar sem er umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa og (2) heildarfjárhæðar allra samningskrafna að því leyti sem þær eru umfram viðmiðunarmark vegna afhendingar verðbréfa.

8. Slitastjórn er heimilt, ef nauðsyn ber til vegna ófyrirséðra tálmandi atvika, að fresta skráningu hlutafjár og afhendingu hlutdeildar í skuldabréfi skv. 5. og 7. lið hér að framan, um allt að 30 virka daga til viðbótar við það sem fram kemur í 5. lið. Komi til þess skal slík frestun eiga við um alla þá samningskröfuhafa sem fá hlutafé og skuldabréf og skal slitastjórn upplýsa hlutaðeigandi samningskröfuhafa um slíka frestun og ástæður hennar eftir því sem unnt er.

9. Gegn afhendingu skuldabréfa og að fenginni lágmarksgreiðslu og skráningu á hlutdeild í hlutafé félagsins samkvæmt framangreindu hefur samningskröfuhafi gefið eftir allar eftirstöðvar kröfu sinnar, hverju nafni sem nefnast, gagnvart LBI.

10. Innan 10 virkra daga frá afhendingu hlutafjár og skuldabréfa skv. 5. og 7. lið, sbr. 8. lið, hér að framan, skal slitastjórn boða til hluthafafundar í félaginu þar sem ný stjórn félagins skal kosin af nýjum hluthöfum þess og málefnum félagsins að öðru leyti ráðið í samræmi við samþykktir þess, ákvæði laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og efni nauðasamnings þessa eða fylgiskjala hans eftir atvikum.

11. Hafi ágreiningur um kröfu samkvæmt 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti ekki verið til lykta leiddur á þeim tíma er lágmarksgreiðsla er innt af hendi eða ef slík krafa er skilyrt þegar greiðsla fer fram, skal slitastjórn leggja inn á fjárvörsluinnlánsreikning þá greiðslu sem tilheyra myndi hlutaðeigandi kröfuhafa, miðað við hæstu mögulegu fjárhæð hlutaðeigandi kröfugerðar. Sama á við ef atvik er varða kröfuhafann eða stöðu hans tálma greiðslu.

12. Hafi ágreiningur um samningskröfu ekki verið til lykta leiddur er afhending nýrra hluta fer fram samkvæmt 5. lið hér að framan eða ef slík krafa er skilyrt, skal slitastjórn, og síðar stjórn félagsins, annast um útgáfu nýrra hluta í félaginu með áskrift í þeim tilfellum þegar samningskrafa verður endanlega samþykkt og að því marki sem slíku samþykki nemur, að réttri tiltölu og að öðru leyti í samræmi við sömu forsendur og fram koma í 5. lið hér að framan. Kveðið skal á um heimild og skyldu til slíkrar útgáfu í samþykktum félagsins sem settar verða í samræmi við 4. lið hér að framan.

13. Hafi ágreiningur um samningskröfu ekki verið til lykta leiddur er afhending skuldabréfa fer fram samkvæmt 7. lið hér að framan eða ef slík krafa er skilyrt, skal slitastjórn, og síðar stjórn félagsins, varðveita á vörslureikningi þau skuldabréf sem svara myndu að tiltölu til hinnar umdeildu kröfu, eins og kröfugerð hennar getur hæst orðið. Verði samningskrafa endanlega samþykkt, og að því marki sem slíku samþykki nemur, skulu samsvarandi skuldabréf afhent kröfuhafanum, ásamt hverri þeirri hlutdeild í afborgunum af skuldabréfunum sem þá kunna að hafa verið inntar af hendi af hálfu félagsins og varðveita bar með sama hætti og greinir í 11. lið hér að framan.

14. Um nánari útfærslu og greiðslur af þeim toga sem fram koma í liðum 11. – 13. hér að framan, tilkynningar til hlutaðeigandi kröfuhafa og úrvinnslu þegar endanleg úrlausn ágreinings liggur

fyrir, hvort sem er af hálfu slitastjórnar eða stjórnar félagins eins og hún er skipuð á hverjum tíma, gilda fyrirmæli 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki sem að þessu lúta.

15. Í frumvarpi þessu er vikið frá reglum 4. mgr. 30. gr. laga um gjaldþrotaskipti með þeim hætti sem kveðið er á um í 3. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. c. lið 2. gr. laga nr. 59/2015, þannig að réttaráhrif ákvæðisins verða miðuð við stöðu krafna við lok kröfulýsingarfrests, þann 30. október 2009. Sama tímamark verður lagt til grundvallar vegna lágmarksgreiðslu skv. 2. málslið 2. mgr. 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

16. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir greiðslu vaxta af samningskröfum og trygging er ekki sett fyrir efndum, sbr. 3. og 4. töluliö 1. mgr. 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að allir kröfuhafar félagsins fái hlutfallslega sömu greiðslu og verðmæti sér til handa, með þeirri einu undantekningu sem leiðir af lágmarksgreiðslu samkvæmt 1. lið þessa kafla, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Ekki er því farið fram á að tilteknir lánardrottnar veiti frekari ívilnun en aðrir í skilningi 3. mgr. 36. gr. sömu laga. Verði nauðasamningur staðfestur á grundvelli frumvarpsins falla niður allar eftirstæðar kröfur á hendur félaginu samkvæmt 3. mgr. 28. gr. sömu laga.

*IV. Önnur atriði.*

1. Frumvarp þetta nær til allra eigna LBI og byggir á því að allar eignir sem eftir standa, að teknu tilliti til þeirra forsendna sem fram koma, eða leiða af, efni II. kafla frumvarpsins, muni renna til almennra kröfuhafa félagsins í samræmi við efni III. kafla hér að framan. Tímasett áætlun slitastjórnar um heildaruppgjör eigna félagsins samkvæmt eftirfarandi töflu miðast eingöngu við áætlaðar heimtur í erlendum gjaldmiðlum miðað við gengi þeirra gagnvart ISK þann 30. júní 2015 og byggir á þeim forsendum að allar samþykktar kröfur í erlendum gjaldmiðlum með rétthæð skv. 109. til og með 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti, hafi verið greiddar og að heimtur verði í samræmi við gildandi samningsskilmála við skuldunauta, þar sem það á við, þ.m.t. hvers kyns vaxtatekjur til framtíðar. Fjárhæðir eru í milljörðum ISK:

| ***Ár*** | ***2016*** | ***2017*** | ***2018*** | ***2019*** | ***2020*** | ***2021*** | ***2022*** | ***2023*** | ***2024*** | ***2025*** | ***2026*** | ***Síðar*** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***ISK*** | ***47,5*** | ***8,0*** | ***38,5*** | ***13,8*** | ***42,7*** | ***5,1*** | ***34,2*** | ***4,5*** | ***40,3*** | ***2,1*** | ***30,3*** | ***1,7*** |

2. Fyrirvari er gerður um mat á virði eigna og þá staðreynd að mat slitastjórnar kann að breytast til hækkunar eða lækkunar, hvort sem er á þeim tíma sem líða kann frá því að frumvarp þetta er lagt fram og þangað til atkvæði verða greidd um það, á efndatíma nauðasamnings eftir staðfestingu hans eða á efndatíma þeirra skjala sem gefin verða út og afhent samningskröfuhöfum í samæmi við efni frumvarpsins.

3. Mat á virði eigna félagsins og áætluðum heimtum kröfuhafa byggir á eftirstöðvum eigna að teknu tilliti til þess að stöðugleikaframlag LBI verði innt af hendi í samræmi við samþykkt kröfuhafafundar og heimild í 4. málslið 2. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki og ákvæði til bráðabirgða III. í lögum nr. 36/2001, sbr. lög nr. 59/2015. Áætlun slitastjórnar og mat á virði eigna félagsins þegar eftirgjöf samkvæmt frumvarpinu er ákveðin, miðast við núverandi stöðu þeirra án mögulegra framtíðartekna af þeim.

4. Sá munur sem er á samanlögðu nafnvirði skuldabréfa sem útgefin verða skv. 6. lið III. kafla frumvarps þessa og þess virðismats sem lagt er til grundvallar við ákvörðun eftirgjafar í 2. lið sama kafla byggir á mati slitastjórnar á mögulegum virðisauka eigna og

vaxtatekjum sem til kunna að falla á greiðslutíma skuldabréfanna. Vegna óvissu um hvort hægt verði að greiða nafnvirði bréfsins að fullu mun það bundið breytirétti, sem felur í sér að stjórn félagsins getur við tilteknar aðstæður breytt tilteknum hluta eftirstöðva skuldabréfsins í hlutafé í félaginu.

5. Eins fljótt og kostur er eftir staðfestingu nauðasamnings skal slitastjórn leita viðurkenningar á nauðasamningnum og gildi hans í þeim erlendu lögsagnarumdæmum þar sem þess er sérstök þörf, svo útgáfa þeirra skjala sem um ræðir í III. kafla frumvarps þessa geti farið fram gagnvart kröfuhöfum í hlutaðeigandi ríkjum, en að öðrum kosti skal farið með slík skjöl með sama hætti og greinir í 11. - 13. lið III. kafla hér að framan.

6. Vakin er sérstök athygli á *greiningu og umfjöllun um áhættu- og óvissuþætti* í upplýsingariti fyrir kröfuhafa.Jafnframt er vakin athygli á umfjöllun um aðra þætti í sama riti, þ. á m. um: **i)** skattaleg álitaefni fyrir félagið og kröfuhafa þess; **ii)** framkvæmd atkvæðagreiðslu og kröfuhafafundi í tengslum við meðferð frumvarps þessa; **iii)** stöðugleikaframlag LBI og tengda þætti; **iv)** skaðleysi; **v)** nánari lýsingu þeirra skjala sem getið er um í 4. til 7. lið í III. kafla hér að framan; **vi)** áætlun um efndir nauðasamnings og röð efndaráðstafana; og **vii)** rekstur LBI eftir efndir nauðasamnings.

7. Frumvarp þetta að nauðasamningi í slitameðferð LBI er uppfærð útgáfa hins upprunalega frumvarps, sem birt var 13. október 2015. Frumvarp þetta verður lagt fyrir kröfuhafafund til atkvæðagreiðslu þann 23. nóvember 2015 klukkan 10.00 að Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík. Verði það samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða samningskröfuhafa lögum samkvæmt mun slitastjórn leita staðfestingar nauðasamnings eftir ákvæðum IX. kafla laga um gjaldþrotaskipti. Nauðasamningur telst kominn á með endanlegri dómsúrlausn þar að lútandi og bindur frá þeim degi alla lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um samningskröfur þeirra, sbr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti.“

Reykjavík, 29. desember 2015.
Slitastjórn LBI hf.
**Halldór H. Backman** hrl.
**Herdís Hallmarsdóttir** hrl.
**Kristinn Bjarnaon** hrl.

( 2016000183

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Lögmannsréttindi

Þann 1. janúar 2016 lagði Atli Ingibjargar Gíslason lögfræðingur, kt. 120847-2369, inn til sýslumannsins á Norðurlandi eystra, réttindi sín til að vera lögmaður, meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,**
4. janúar 2016.

( 2016000378

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Lögmannsréttindi

Þann 1. janúar 2016 lagði Brynjar Þór Níelsson lögfræðingur, kt. 010960-3399, inn til sýslumannsins á Norðurlandi eystra, réttindi sín til að vera lögmaður, meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,**
4. janúar 2016.

( 2016000381

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Hlutafélagaskrá - firmaskrá - aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í október 2015, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

*Heiti:* Actavis Group ehf..
*Kennitala:* 650407-0590.
*Staður:* Hafnarfjörður.
*Tilkynningaratriði:* B.
2016000307)

*Heiti:* Actavis Group PTC ehf..
*Kennitala:* 640706-0310.
*Staður:* Hafnarfjörður.
*Tilkynningaratriði:* B.
2016000308)

*Heiti:* Begga og Grímur ehf..
*Kennitala:* 711005-1450.
*Staður:* Garðabær.
*Tilkynningaratriði:* FGH.
2016000310)

*Heiti:* Captima ehf..
*Kennitala:* 471210-0640.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* A.
2016000304)

*Heiti:* Hatch ehf..
*Kennitala:* 711207-0900.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ACD.
2016000306)

*Heiti:* Snyrtistofan Jóna ehf..
*Kennitala:* 620915-0410.
*Staður:* Kópavogur.
*Tilkynningaratriði:* F.
2016000309)

*Heiti:* Two Sigma Special Opportunities Iceland ehf..
*Kennitala:* 500511-0520.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* A.
2016000305)

A = tilkynning er varðar stjórn
B = tilkynning er varðar hlutafé
C = tilkynning er varðar framkvæmdastjóra
D = tilkynning er varðar prókúruumboð
E = tilkynning er varðar endurskoðun
F = tilkynning er varðar nafn
G = tilkynning er varðar heimilisfang
H = tilkynning er varðar tilgang
J = tilkynning er varðar afskráningu
K = tilkynning er varðar firmaritun
L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa
M = tilkynning er varðar útibú
N = tilkynning er varðar umboð
O = tilkynning er varðar lausnarskyldu
P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags
R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag
S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag
T = tilkynning er varðar eigendur

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000303

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Hlutafélagaskrá - firmaskrá - aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í nóvember 2015, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

*Heiti:* Arctic Green Energy Corporation ehf..
*Kennitala:* 580811-1240.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* J.
2016000312)

*Heiti:* Avion Grófin 1 ehf.
*Kennitala:* 580309-1350.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* J.
2016000313)

*Heiti:* Björnsfell ehf..
*Kennitala:* 681015-3610.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ADEFG.
2016000314)

*Heiti:* Byggingavöruverslun Akureyrar ehf.
*Kennitala:* 460169-3489.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* J.
2016000315)

*Heiti:* Diddi annar ehf..
*Kennitala:* 511115-2480.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ADFGHK.
2016000316)

*Heiti:* Eignarhaldsfélagið Kamus ehf.
*Kennitala:* 600207-2020.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* J.
2016000317)

*Heiti:* Frón fasteignamiðlun ehf..
*Kennitala:* 620403-2960.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* E.
2016000320)

*Heiti:* Fruit Spirit ehf..
*Kennitala:* 600815-0910.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* AFGH.
2016000318)

*Heiti:* Frumherji hf..
*Kennitala:* 470297-2719.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* BK.
2016000319)

*Heiti:* Garðskagi ehf..
*Kennitala:* 450810-0100.
*Staður:* Kópavogur.
*Tilkynningaratriði:* ACDFGHK.
2016000322)

*Heiti:* Goðorð ehf..
*Kennitala:* 710103-2910.
*Staður:* Fjarðabyggð.
*Tilkynningaratriði:* F.
2016000323)

*Heiti:* Grafa og grjót ehf..
*Kennitala:* 580202-2090.
*Staður:* Hafnarfjörður.
*Tilkynningaratriði:* G.
2016000324)

*Heiti:* Grái Klettur ehf.
*Kennitala:* 431110-0400.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* J.
2016000327)

*Heiti:* Grettiseignir ehf..
*Kennitala:* 510506-1540.
*Staður:* Húnaþing vestra.
*Tilkynningaratriði:* ACDG.
2016000325)

*Heiti:* GRF ehf..
*Kennitala:* 690307-0300.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ADFH.
2016000321)

*Heiti:* Griðland ehf.
*Kennitala:* 510302-4190.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ACDEHK.
2016000326)

*Heiti:* Grófin leigufélag ehf..
*Kennitala:* 681207-2360.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* J.
2016000328)

*Heiti:* Gröfumaðurinn Bensi ehf..
*Kennitala:* 530808-1220.
*Staður:* Mosfellsbær.
*Tilkynningaratriði:* FGHK.
2016000329)

*Heiti:* Hefðir ehf..
*Kennitala:* 670601-2260.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* AD.
2016000330)

*Heiti:* Heilsuprótein ehf..
*Kennitala:* 430715-1270.
*Staður:* Sveitarfélagið í Skagafirði.
*Tilkynningaratriði:* ABDEFGHK.
2016000331)

*Heiti:* Hexandi ehf..
*Kennitala:* 550908-1070.
*Staður:* Kópavogur.
*Tilkynningaratriði:* FH.
2016000332)

*Heiti:* ICEMAC ehf..
*Kennitala:* 580906-0950.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* F.
2016000333)

*Heiti:* Jens Guðjónsson ehf..
*Kennitala:* 470492-2369.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* A.
2016000334)

*Heiti:* K 16 R ehf..
*Kennitala:* 490479-0589.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* B.
2016000335)

*Heiti:* Kalashnikov ehf..
*Kennitala:* 610208-1260.
*Staður:* Hafnarfjörður.
*Tilkynningaratriði:* A.
2016000336)

*Heiti:* LBX ehf..
*Kennitala:* 560502-5590.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* F.
2016000337)

*Heiti:* Magnum opus ehf..
*Kennitala:* 470714-0850.
*Staður:* Akureyri.
*Tilkynningaratriði:* G.
2016000338)

*Heiti:* Móberg ehf..
*Kennitala:* 560412-1340.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ADK.
2016000339)

*Heiti:* N1 hf..
*Kennitala:* 540206-2010.
*Staður:* Kópavogur.
*Tilkynningaratriði:* B.
2016000340)

*Heiti:* Netbílar ehf..
*Kennitala:* 580607-0470.
*Staður:* Kópavogur.
*Tilkynningaratriði:* G.
2016000341)

*Heiti:* Obladí ehf.
*Kennitala:* 620211-1170.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ACD.
2016000342)

*Heiti:* Ósbakki ehf..
*Kennitala:* 430206-0600.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* FGHK.
2016000352)

*Heiti:* Ósvör ehf..
*Kennitala:* 621287-1689.
*Staður:* Reykjanesbær.
*Tilkynningaratriði:* B.
2016000353)

*Heiti:* Proximal ehf..
*Kennitala:* 431114-0700.
*Staður:* Kópavogur.
*Tilkynningaratriði:* ACDEGHK.
2016000343)

*Heiti:* Rekstrarfélagið Klettagarðar ehf..
*Kennitala:* 511115-2050.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ADFGK.
2016000344)

*Heiti:* SG Consulting ehf..
*Kennitala:* 570914-0570.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* F.
2016000345)

*Heiti:* Shiraz ehf..
*Kennitala:* 441108-1170.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* J.
2016000347)

*Heiti:* Silfurberg ehf..
*Kennitala:* 600902-3180.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ACDK.
2016000348)

*Heiti:* SSG verktakar ehf..
*Kennitala:* 681005-0210.
*Staður:* Hafnarfjörður.
*Tilkynningaratriði:* G.
2016000346)

*Heiti:* Straumhvarf hf..
*Kennitala:* 550405-0240.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* E.
2016000349)

*Heiti:* Tveir saman ehf..
*Kennitala:* 630106-0360.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ACDFGH.
2016000350)

*Heiti:* Útgerðarfélagið Dagur ehf..
*Kennitala:* 630514-1500.
*Staður:* Fjallabyggð.
*Tilkynningaratriði:* G.
2016000354)

*Heiti:* Viking leiga ehf..
*Kennitala:* 620802-2980.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* H.
2016000351)

*Heiti:* Þak, byggingafélag ehf..
*Kennitala:* 571298-2529.
*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* ACDG.
2016000355)

*Heiti:* Þorp ehf..

*Kennitala:* 420206-2080.

*Staður:* Reykjavík.

*Tilkynningaratriði:* B.

2016000356)

A = tilkynning er varðar stjórn

B = tilkynning er varðar hlutafé

C = tilkynning er varðar framkvæmdastjóra

D = tilkynning er varðar prókúruumboð

E = tilkynning er varðar endurskoðun

F = tilkynning er varðar nafn

G = tilkynning er varðar heimilisfang

H = tilkynning er varðar tilgang

J = tilkynning er varðar afskráningu

K = tilkynning er varðar firmaritun

L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa

M = tilkynning er varðar útibú

N = tilkynning er varðar umboð

O = tilkynning er varðar lausnarskyldu

P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags

R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag

S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag

T = tilkynning er varðar eigendur

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000311

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Hlutafélagaskrá - firmaskrá - aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í júlí 2015, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

*Heiti:* Frjó Umbúðasalan ehf..

*Kennitala:* 631091-1569.

*Staður:* Hafnarfjörður.

*Tilkynningaratriði:* G.

2016000358)

A = tilkynning er varðar stjórn

B = tilkynning er varðar hlutafé

C = tilkynning er varðar framkvæmdastjóra

D = tilkynning er varðar prókúruumboð

E = tilkynning er varðar endurskoðun

F = tilkynning er varðar nafn

G = tilkynning er varðar heimilisfang

H = tilkynning er varðar tilgang

J = tilkynning er varðar afskráningu

K = tilkynning er varðar firmaritun

L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa

M = tilkynning er varðar útibú

N = tilkynning er varðar umboð

O = tilkynning er varðar lausnarskyldu

P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags

R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag

S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag

T = tilkynning er varðar eigendur

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000357

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Hlutafélagaskrá - firmaskrá - aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í ágúst 2015, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

*Heiti:* Skiltagerðin Ás ehf.

*Kennitala:* 520189-1499.

*Staður:* Kópavogur.

*Tilkynningaratriði:* J.

2016000360)

A = tilkynning er varðar stjórn

B = tilkynning er varðar hlutafé

C = tilkynning er varðar framkvæmdastjóra

D = tilkynning er varðar prókúruumboð

E = tilkynning er varðar endurskoðun

F = tilkynning er varðar nafn

G = tilkynning er varðar heimilisfang

H = tilkynning er varðar tilgang

J = tilkynning er varðar afskráningu

K = tilkynning er varðar firmaritun

L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa

M = tilkynning er varðar útibú

N = tilkynning er varðar umboð

O = tilkynning er varðar lausnarskyldu

P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags

R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag

S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag

T = tilkynning er varðar eigendur

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000359

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Hlutafélagaskrá - firmaskrá - aukatilkynningar

Eftirtalin hlutafélög og einkahlutafélög hafa sent hlutafélagaskrá tilkynningar í desember 2015, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

*Heiti:* Kaupþing ehf..

*Kennitala:* 560882-0419.

*Staður:* Reykjavík.
*Tilkynningaratriði:* FHR.
2016000377)

A = tilkynning er varðar stjórn
B = tilkynning er varðar hlutafé
C = tilkynning er varðar framkvæmdastjóra
D = tilkynning er varðar prókúruumboð
E = tilkynning er varðar endurskoðun
F = tilkynning er varðar nafn
G = tilkynning er varðar heimilisfang
H = tilkynning er varðar tilgang
J = tilkynning er varðar afskráningu
K = tilkynning er varðar firmaritun
L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa
M = tilkynning er varðar útibú
N = tilkynning er varðar umboð
O = tilkynning er varðar lausnarskyldu
P = tilkynning er varðar útibússtjóra erlends hlutafélags
R = breyting hlutafélags í einkahlutafélag
S = breyting einkahlutafélags í hlutafélag
T = tilkynning er varðar eigendur

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

( 2016000376

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Dómsbirting

Árið 2015, fimmtudaginn 22. október, er á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-551/2013, Ríkissaksóknari gegn Michal Sobolewski, svofelldur dómur:

**Dómsorð:**

Ákærði, Michal Sobolewski, sæti fangelsi í 1 mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

**Kristján Óðinn Unnarsson.**

---------------------------------------------

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Michal Sobolewski, kt. 020687-3479, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sbr. 3. mgr. 185. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,
4. janúar 2016.
**Gunnar Örn Jónsson** fulltrúi.

( 2016000375

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Dómsbirting

Árið 2015, fimmtudaginn 10. desember, er á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-330/2015, ákæruvaldið gegn Hilmari Magnúsi Bjarnasyni, svofelldur dómur:

**Dómsorð:**

Ákærði, Hilmar Magnús Bjarnason, greiði 70.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 6 daga.
Ákærði er sviptur ökurétti í fjóra mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.
Ákærði greiði allan sakarkostnað, 30.998 krónur.

**Kristján Óðinn Unnarsson.**

---------------------------------------------

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Hilmari Magnúsi Bjarnasyni, kt. 170373-4999, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sbr. 3. mgr. 185. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,
4. janúar 2016.
**Gunnar Örn Jónsson** fulltrúi.

( 2016000379

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Dómsbirting

Árið 2015, fimmtudaginn 17. desember, er á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-407/2015, ákæruvaldið gegn Jóni Gunnþórssyni, svofelldur dómur:

**Dómsorð:**

Ákærði, Jón Gunnþórsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði.
Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.
Ákærði greiði allan sakarkostnað, 164.512 krónur.

**Kristján Óðinn Unnarsson.**

---------------------------------------------

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Jóni Gunnþórssyni, kt. 230490-2879, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sbr. 3. mgr. 185. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,
4. janúar 2016.
**Gunnar Örn Jónsson** fulltrúi.

( 2016000382

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Dómsbirting

Árið 2015, fimmtudaginn 17. desember, er á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-449/2015, ákæruvaldið gegn Ívari Erni Pálssyni, svofelldur dómur:

**Dómsorð:**

Ákærði, Ívar Örn Pálsson, greiði 160.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 12 daga.
Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.
Ákærði greiði allan sakarkostnað, 153.960 krónur.

**Kristján Óðinn Unnarsson.**

----------------------------------------------

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Ívari Erni Pálssyni, kt. 120776-5849, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sbr. 3. mgr. 185. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,
4. janúar 2016.
**Gunnar Örn Jónsson** fulltrúi.

( 2016000384

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Lögmannsréttindi

Í dag lagði Ragnheiður Bogadóttir lögfræðingur, kt. 220177-5219, inn til sýslumannsins á Norðurlandi eystra, réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður, meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,**
6. janúar 2016.

( 2016000398

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Lögmannsréttindi

Þann 1. janúar sl. lagði Hjalti Pálmason lögfræðingur, kt. 280169-5289, inn til sýslumannsins á Norðurlandi eystra, réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður, meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,**
5. janúar 2016.

( 2016000401

Útgáfud.: 11. janúar 2016

## Löggilding útgefin

Þann 7. janúar 2016 gaf sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu út löggildingu að nýju fyrir Valdimar Hergils Jóhannesson, kt. 280741-2489, til þess að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

Kópavogi, 7. desember 2016.
**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.**

( 2016000450

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Hluthafafundur - Fjárhirðar ehf.

Hér með er boðað til hluthafafundar í einkahlutafélaginu Fjárhirðar ehf., kt. 450503-3470, fimmtudaginn 21. janúar 2016 kl. 13.00, á starfsstöð félagsins að Austurstræti 11, Reykjavík.

Dagskrá fundar:

1. Ákvörðun um slit á félaginu.
2. Önnur mál.

**Fjárhirðar ehf.**

( 2016000404

Útgáfud.: 11. janúar 2016

## Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 21. desember 2015 var samþykkt umsókn

**Valgerðar Guðrúnar Torfadóttur,**
**kt. 030662-4589,**
**Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði,**

um að leita samnings um greiðsluaðlögun. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 21. desember 2015.
Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. lge. Þeir lánardrottnar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 2. mgr. 10. gr. lge. Þá skulu kröfuhafar tilgreina reikningsnúmer í kröfulýsingu vegna greiðslumiðlunar. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Kringlunni 1, 103 Reykjavík.
Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.
Fundir verða haldnir með lánardrottnum, ef tilefni gefst til þess undir rekstri málsins, sbr. 6. mgr. 16. gr. lge.

Reykjavík, 21. desember 2015.
**Edda Þ. Hauksdóttir** lögfræðingur.

( 2015023122B

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 4. janúar 2016 var samþykkt umsókn

**Ísaks Arnar Sigurðssonar,**
**kt. 020160-7649,**
**Þórðarsveig 4, Reykjavík,**

um að leita samnings um greiðsluaðlögun. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 4. janúar 2016.
Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu þessarar innköllunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. lge. Þeir lánardrottnar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 2. mgr. 10. gr. lge. Þá skulu kröfuhafar tilgreina reikningsnúmer í kröfulýsingu vegna greiðslumiðlunar. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Kringlunni 1, 103 Reykjavík.
Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.
Fundir verða haldnir með lánardrottnum, ef tilefni gefst til þess undir rekstri málsins, sbr. 6. mgr. 16. gr. lge.

Reykjavík, 4. janúar 2016.
**Lísa Björg Lárusdóttir** lögfræðingur.

( 2016000400A

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. október 2015 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

| **Dánarbú, nafn:** | **Dánardagur:** |
|---|---|
| Paula Andrea Jónsdóttir,<br>kt. 130120-4669,<br>síðasta heimilisfang:<br>Austurströnd 12, Seltjarnarnesi | 2. desember 2013 |

2015023629)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 3, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 21. desember 2015.
**Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.**

( 2015023628B

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. desember 2015 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

| **Dánarbú, nafn:** | **Dánardagur:** |
|---|---|
| Guðrún Haraldsdóttir,<br>kt. 040723-4049,<br>síðasta heimilisfang:<br>Bakkaseli 6, Reykjavík | 6. mars 2015 |

2016000394)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 12, Reykjavík.

Reykjavík, 18. desember 2015.
**Diljá Mist Einarsdóttir hdl.**

( 2016000393A

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. nóvember 2015 voru neðangreind bú tekin til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúanna:

| **Dánarbú, nafn:** | **Dánardagur:** |
|---|---|
| Hulda Jónsdóttir,<br>kt. 150922-3489,<br>síðasta heimilisfang:<br>Guðrúnargötu 4, Reykjavík | 28. ágúst 2015 |

2016000412)

| | |
|---|---|
| Þorsteinn Þorsteinsson,<br>kt. 251014-4349,<br>síðasta heimilisfang: | 25. maí 2006 |

Guðrúnargötu 4, Reykjavík

2016000411)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum dánarbúum eða telja til eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessara innkallana. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Smáratorgi 3 (Turninum), 201 Kópavogi, Acta lögmannsstofa.

Kópavogi, 5. janúar 2016.

**Þyrí Steingrímsdóttir hrl.**

( 2016000410A

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. desember 2015 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Ásberg Kristján Pétursson, kt. 120457-7219, Nýhöfn 5, Garðabæ | 6. nóvember 2015 | föstudaginn 4. mars 2016, kl. 11.00 |

2015022579)

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Procura ráðgjöf ehf., kt. 630113-0590, Hlíðasmára 17, Kópavogi | 28. október 2015 | föstudaginn 4. mars 2016, kl. 10.00 |

2015022580)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 105 Reykjavík.
Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, Reykjavík, á ofangreindum tímum.
Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 14. desember 2015.

F.h. Arnars Þórs Stefánssonar hrl.,

**Þórhallur Bergmann hdl.**

( 2015022578B

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. desember 2015 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Abis ehf. (áður Bor verktakar ehf.), kt. 680714-0960, Berjarima 24, Reykjavík | 22. október 2015 | miðvikudaginn 2. mars 2016, kl. 13.30 |

2015022753)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Bankastræti 5, Reykjavík (Lagahvoll slf.).
Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bankastræti 5, Reykjavík, 4. hæð, á ofangreindum tíma.
Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 16. desember 2015.

F.h. Jóhanns Tómasar Sigurðssonar hdl.,

**Ólafur Freyr Frímannsson hdl.**

( 2015022752B

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. desember 2015 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Poda ehf., kt. 611207-4410, Skólavörðustíg 14, Reykjavík | 27. október 2015 | fimmtudaginn 17. mars 2016, kl. 10.00 |

2015023657)

| | | |
|---|---|---|
| Sumarbúðirnar Ævintýraland, kt. 700198-3679, Hafnarstræti 19, Reykjavík | 27. október 2015 | fimmtudaginn 17. mars 2016, kl. 11.00 |

2015023656)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 25, Reykjavík.
Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 25, Reykjavík, á ofangreindum tímum.
Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 21. desember 2015.

F.h. Tómasar Jónssonar hrl.,
**Björgvin Halldór Björnsson hdl.**

( 2015023655B

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 14. desember 2015 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Árni Vilhjálmur Jónsson, kt. 200472-3229, Smáratúni 11, Selfossi | 19. nóvember 2015 | mánudaginn 21. mars 2016, kl. 10.00 |

2015023706)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.
Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2. hæð, Selfossi, á ofangreindum tíma.
Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 21. desember 2015.

**Torfi Ragnar Sigurðsson hrl.**

( 2015023705B

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 18. desember 2015 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Elísa Henný Sigurjónsdóttir, kt. 090874-4979, Tjarnargötu 10, Reykjanesbæ | 10. desember 2015 | mánudaginn 7. mars 2016, kl. 10.30 |

2015023717)

| | | |
|---|---|---|
| Helgi Bersi Ásgeirsson, kt. 080283-3189, Austurkór 63, Kópavogi | 27. nóvember 2015 | mánudaginn 7. mars 2016, kl. 10.00 |

2015023718)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hamraborg 12, 200 Kópavogi.
Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Hamraborg 12, Kópavogi, á ofangreindum tímum.
Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Kópavogi, 18. desember 2015.

**Börkur I. Jónsson hdl.**

( 2015023716B

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 17. desember 2015 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Betri kostur ehf., kt. 660602-4020, Vallholt 36, Selfossi | 16. nóvember 2015 | mánudaginn 7. mars 2016, kl. 10.00 |

2015023722)

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Dáðadrengir ehf., kt. 641003-3440, Hellubakki 5, Selfossi | 16. nóvember 2015 | mánudaginn 7. mars 2016, kl. 11.00 |

2015023721)

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Strengir ehf., kt. 560306-0750, Austurvegur 6, Selfossi | 16. nóvember 2015 | mánudaginn 7. mars 2016, kl. 9.00 |

2015023723)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, pósthólf 21, 802 Selfoss.
Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2. hæð, Selfossi, á ofangreindum tímum.
Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Selfossi, 21. desember 2015.

**Jón Páll Hilmarsson hdl.**

( 2015023720B

Útgáfud.: 11. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 18. desember 2015 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Hulda Margrét Óladóttir, kt. 111183-3099, Akurvöllum 4, Hafnarfirði | 17. desember 2015 | miðvikudaginn 23. mars 2016, kl. 11.00 |

2016000164)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Smáratorgi 3, 201 Kópavogi (Íslensku lögfræðistofunni).
Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Smáratorgi 3, Kópavogi, á ofangreindum tíma.
Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogi, 4. janúar 2016.

**Svanhvít Yrsa Árnadóttir hdl.**

( 2016000163B

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. september 2015 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Skelhóll ehf., kt. 500608-1100, Þórðarsveig 16, Reykjavík | 8. júní 2015 | fimmtudaginn 17. mars 2016, kl. 10.00 |

2016000369)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 7, 101 Reykjavík (Lögmannsstofunni Fortis).
Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 7, Reykjavík, á ofangreindum tíma.
Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 16. desember 2015.

F.h. Kristjáns B. Thorlacius hrl.,

**Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl.**

( 2016000368A

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. desember 2015 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Globe Tracker Iceland ehf., kt. 690410-0360, Laugavegi 44, Reykjavík | 8. október 2015 | fimmtudaginn 17. mars 2016, kl. 9.00 |

2016000386)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skútuvogi 10f, 104 Reykjavík.
Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skútuvogi 10f, Reykjavík, á ofangreindum tíma.
Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 4. janúar 2016.

**Jóhanna Sigurjónsdóttir hdl.**

( 2016000385A

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. desember 2015 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Finnur Sveinbjörnsson, kt. 120667-4249, Laufengi 16, Reykjavík | 6. október 2015 | þriðjudaginn 15. mars 2016, kl. 9.30 |

2016000388)

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Kristján Arnar Sveinsson, kt. 270659-5949, Vættaborgum 61, Reykjavík | 20. nóvember 2015 | þriðjudaginn 15. mars 2016, kl. 9.00 |

2016000389)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 178, 105 Reykjavík.
Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 178, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.
Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 22. desember 2015.

**Ingi Freyr Ágústsson hdl.**

( 2016000387A

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 4. janúar 2016 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Sigurður Ívar Grétarsson, kt. 210885-3159, Öldugötu 8, Seyðisfirði | 23. desember 2015 | fimmtudaginn 7. apríl 2016, kl. 9.00 |

2016000403)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.
Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.
Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, Egilsstöðum, á ofangreindum tíma.
Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Egilsstöðum, 5. janúar 2016.

**Eva Dís Pálmadóttir hrl.**

( 2016000402A

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Staðfesting nauðasamnings - boðun til þinghalds

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ákvað slitastjórn EA fjárfestingarfélags ehf., kt. 540599-2469, Ránargötu 18, Reykjavík, að leggja fyrir kröfuhafa frumvarp að nauðasamningi fyrir félagið. Slitastjórnin hafði áður gefið út innköllun til skuldheimtumanna, sem birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði 19. júní 2012 og lauk kröfulýsingarfresti 19. ágúst sama ár.

Frumvarp félagsins að nauðasamningi er dagsett 2. desember 2015 og var boðað til kröfuhafafundar í því skyni að bera frumvarpið undir atkvæði samningskröfuhafa með auglýsingu sem birt var fyrra sinni í Lögbirtingablaði þann 3. desember 2015. Fyrir fundinn bárust athugasemdir við frumvarpið og væntanlegum samþykktum EA. Var gögnunum breytt í samræmi við framkomnar athugasemdir og samningskröfuhöfum tilkynnt um þær breytingar með tölvupósti slitastjórnar 17. desember 2015. Var frumvarpið í breyttri mynd borið undir fund með atkvæðismönnum 18. desember sl. og hlaut það 100% stuðning miðað við fjárhæð krafna og 100% stuðning eftir höfðatölu atkvæðismanna.

Með bréfi til slitastjórnar EA fjárfestingarfélags ehf., 16. desember 2015, gaf Seðlabanki Íslands út vottorð, sbr. 4. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, um að það væri mat Seðlabankans að frumvarp félagsins til nauðasamnings félagsins myndi hvorki valda óstöðugleika í gengis- og peningamálum né raska fjármálastöðugleika.

Frumvarp félagsins er svohljóðandi:

*1. Inngangur og skilgreiningar.*

1.1 Þetta skjal er frumvarp að nauðasamningi í slitameðferð félagsins og er lagt fram af slitastjórn félagsins á grundvelli 3. mgr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og XXI kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem við á.

1.2 Ástæða þess að slitastjórn leggur til við samningskröfuhafa að slitum á félaginu verði lokið nú með nauðasamningi er sú að við það mun félagið ekki falla undir skattskylda aðila samkvæmt ákvæði 2. gr. laga nr. 60/2015 um stöðugleikaskatt.

1.3 Enn er ólokið einu ágreiningsmáli félagsins sem rekið er fyrir dómstólum. Mál nr. X-85/2013 Austurbraut ehf. gegn EA fjárfestingarfélagi ehf. og Avenue A ehf. en mál þetta lýtur að kröfu Austurbrautar ehf. um ógildi viðskipta milli þess félags og EA fjárfestingarfélags ehf. ef kröfu Austurbrautar yrði hafnað væri unnt að gera upp veðkröfu Avenue A að áætlaðri fjárhæð um 450.000.000 króna auk þess sem EA gæti leyst til sín aðrar eignir Austurbrautar upp í eftirstöðvar kröfu sinnar sem lætur nærri að geti numið 900.000.000 króna miðað við bókfært verð. Tekið skal fram að eignir Austurbrautar ehf. eru í Úkraínu og að litlu leyti á forræði félagsins. Væntingar eru um að gagnaöflun í dómsmálinu ljúki á árinu 2015. Gangi það eftir má vænta dómsniðurstöðu héraðsdóms á fyrri helmingi næsta árs. (hér eftir „ágreiningsmál félagsins“).

1.4 Greiðslur til samningskröfuhafa samkvæmt nauðasamningi þessum eru því skilyrtar, sbr. heimild í 3. mgr. 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, og greiðsluhlutfall mun því ráðast af endanlegum dómsúrlausnum í ágreiningsmáli félagsins.

1.5 Samningskröfuhafar munu fá úthlutað nýjum hlutum í félaginu, sem gefnir verða út í réttu hlutfalli við samþykktar kröfur (sbr. gr. 2.2) og fá greidda peningagreiðslu sem nemur sama hlutfalli af heildareignum félagsins, eins og þær verða í kjölfar endanlegrar dómsúrlausnar í ágreiningsmáli félagsins (sbr. gr. 2.1.).

1.6 Skilgreiningar:

*„Gildistökudagur“*
Merkir þann dag þegar nauðasamningur telst kominn á með samþykki allra samningskröfuhafa og með því að krafa félagsins um staðfestingu nauðsamningsins hefur verið tekin til greina með endanlegri dómsúrlausn, þ.e:
a) að liðinni viku frá uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms um staðfestingu nauða–samningsins og að úrskurðurinn hafi ekki verið kærður til Hæstaréttar; eða
b) við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar um staðfestingu nauðasamningsins í því tilviki að úrskurður héraðsdóms hafi verið kærður til Hæstaréttar.

*„Greiðslufyrirmæli“*
Merkir eyðublað sem fylgir nauðasamningsfrumvarpinu þar sem samningskröfuhafar skulu tilgreina greiðslu-leið viðeigandi bankaupplýsingar.

*„Samningskrafa“*
Merkir ótryggð krafa á hendur félaginu sem fellur undir skilgreiningu 29. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

*„Samningskröfuhafi“*
Merkir kröfuhafi sem á samningskröfu á hendur félaginu.

*2. Nauðasamningurinn.*

2.1 Samningskröfuhöfum er boðin greiðsla af heildareignum félagsins, eins og þær verða í kjölfar endanlegra dómsúrlausna í ágreiningsmáli félagsins leiði dómsmálið til fjárgreiðslu, í réttu hlutfalli við samþykktar kröfur eins og þær eru tilteknar í kröfuskrá félagsins á gildistökudegi (hér eftir „*peningagreiðslan*“).

2.2 Núverandi hlutafé félagsins verður fært niður að fullu, sbr. heimild í 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 2. gr. laga nr. 59/2015. Samhliða því mun slitastjórn, sbr. 2. málsliður 4. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki, gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnvirði kr. 500.000 og ráðstafa til samningskröfuhafa, í réttu hlutfalli við samþykktar kröfur þeirra eins og þær eru tilteknar í kröfuskrá félagsins á gildistökudegi (hér eftir „nýju hlutirnir“). Fái veðkröfuhafi ekki fullnustu kröfu sinnar af veðandlagi ber honum greiðsla samkvæmt grein 2.1. á sama hátt og öðrum samningskröfuhöfum. Jafnframt er stjórn skylt að gefa út hlutafé til hans í samræmi við hlutdeild hans meðal almennra krafna.

2.3 Samningskröfur sem ágreiningur er um og aðrar kröfur sem ekki verður hægt að greiða beint til samningskröfuhafa, vegna atvika eða aðstæðna sem tengjast viðkomandi kröfuhöfum sjálfum verða efndar í samræmi við heimild 6. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki. Sú heimild gerir félaginu kleift að efna viðkomandi skuldbindingar samkvæmt nauðasamningnum gagnvart slíkum kröfuhöfum með því að greiða reiðufé inn á fjárvörsluinnlánsreikninga.

2.4 Eftirstæðar kröfur, þ.e. kröfur á hendur félaginu sem skipað yrði í skuldaröð samkvæmt 114. gr. laga um gjaldþrotaskipti ef bú félagsins væri tekið til gjaldþrotaskipta, falla niður í samræmi við íslensk lög.

*3. Greiðsluáætlun á samningskröfum.*

3.1 Greiðslur á samningskröfum munu fara fram samkvæmt eftirfarandi greiðsluáætlun:

3.1.1 Peningagreiðslan skal greidd samningskröfuhöfum innan 30 daga frá endanlegri dómsniðurstöðu á ágreiningsmáli félagsins;

3.1.2 Nýir hlutir í félaginu skulu afhentir og samningskröfuhafar skráðir í hlutaskrá félagsins innan 30 daga frá gildistökudegi.

3.2 Réttur samningskröfuhafa:

3.2.1 til peningagreiðslunnar verður námundaður niður að næstu heilu tölu;

3.2.2 til nýju hlutanna verður námundaður niður að næstu heilu tölu.

*4. Önnur atriði.*

4.1 Innan tveggja vikna frá útgáfu nýju hlutanna og skráningar samningskröfuhafa í hlutaskrá félagsins, þar að lútandi, skal slitastjórn boða til hluthafafundar í félaginu þar sem bý stjórn félagsins skal kosin af nýjum hluthöfum þess og nýjar samþykktir félagsins samþykktar, í meginatriðum með því efni sem nánar greinir í viðauka 2.

4.2 Vextir verða ekki greiddir af samningskröfum, né vegna peningagreiðslunnar, frá gildistökudegi og þar til viðkomandi greiðslur eru greiddar.

4.3 Hvorki verða veittar tryggingar né veð til tryggingar á greiðslum samkvæmt nauðasamningnum.

4.4 Réttur kröfuhafa samkvæmt nauðasamningsfrumvarpinu miðar við stöðu krafna við lok kröfulýsingarfrests, dags. 19. ágúst 2012, sbr. 9. málslið 3. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki án tillits til framsala sem kunna að hafa átt sér stað fram að þeim degi.

Hér með er skorað á þá sem telja sig hafa andmæli fram að færa gegn staðfestingu nauðasamnings EA fjárfestingarfélags ehf. með framangreindum skilmálum að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem verður háð í dómsal 101 föstudaginn 15. janúar 2016 kl. 10.15 þegar krafa um staðfestingu nauðasamningsins verður tekin fyrir.

Reykjavík, 29. desember 2015.
**Ingimundur Einarsson** dómstjóri.

( 2016000374

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Staðfesting nauðasamnings - boðun til þinghalds

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, ákvað slitastjórn SPB hf. (áður Sparisjóðabanki Íslands hf.), kt. 681086-1379, Borgartúni 25, Reykjavík, að leggja fyrir kröfuhafa frumvarp að nauðasamningi fyrir félagið. Slitastjórnin hafði áður gefið út innköllun til skuldheimtumanna, sem birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði 3. júní 2009 og lauk kröfulýsingarfresti 3. nóvember 2009.

Frumvarp félagsins að nauðasamningi er dagsett 4. desember 2015 og var boðað til kröfuhafafundar í því skyni að bera frumvarpið undir atkvæði samningskröfuhafa með auglýsingu sem birt var fyrra sinni í Lögbirtingablaði þann 30. nóvember 2015.

Með bréfi til slitastjórnar SPB hf., 15. desember 2015, gaf Seðlabanki Íslands út vottorð, sbr. 4. mgr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, um að það væri mat Seðlabankans að frumvarp félagsins til nauðasamnings félagsins myndi hvorki valda óstöðugleika í gengis- og peningamálum né raska fjármálastöðugleika.

Á fundi með atkvæðismönnum 16. desember sl. hlaut frumvarpið 99,5% stuðning miðað við heildar kröfufjárhæð og 100% miðað við greidd atkvæði. Eftir höfðatölu hlaut frumvarpið 100% stuðning. Frumvarpið er svohljóðandi:

*1. Skilgreiningar.*

*„Ágreiningsmál“*
Merkir þau mál sem slitastjórn er falið óafturkallanlegt umboð til að annast samkvæmt nauðasamningi þessum. Nánar tiltekið meðferð, uppgjör og úrlausn ágreiningsmála sem varða kröfulýsingar á hendur félaginu, ágreiningsmála við skattayfirvöld, mögulegan ágreining sem kann að verða við úthlutun greiðslna, þ.m.t. skuldajafnana, í

samræmi við nauðasamning þennan og ágreiningsmál sem varða útistandandi kröfur eða eignir félagsins.

*„Bundin innlán“*
Merkir innlán SPB í erlendum gjaldeyri hjá innlendum fjármálastofnunum sem breytt er í langtímafjármögnun, eins og nánar er fjallað um í samkomulagi um framkvæmd stöðugleikaskilyrða milli Seðlabanka Íslands og SPB, desember 2015.

*„Eftirstandandi laust fé“*
Merkir það reiðufé í eigu SPB þegar búið er að inna af hendi greiðslur skv. A. lið 3. gr., 1. -3. tl. B. liðar 3. gr. og að frádregnum innstæðum á geymslureikningum og bundnum innlánum.

*„ESÍ“*
Merkir Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf., kt. 701209-2060.

*„EUR“*
Merkir gjaldmiðilinn evru.

*„Geymslugreiðslur“*
Merkir greiðslur slitastjórnar (bæði ISK eða EUR) inn á þar til gerða geymslureikninga vegna ágreiningsmála og kostnaðar við framkvæmd nauðasamnings.

*„Geymslureikningar“*
Merkir þá bankareikninga í viðskiptabanka (escrow) sem slitastjórn stofnar.

*„Gildistökudagur“*
Merkir þann dag þegar nauðasamningur telst kominn á með því að krafa félagsins um staðfestingu nauðsamningsins hefur verið tekin til greina með endanlegri dómsúrlausn, þ.e.:
a) að liðinni viku frá uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms um staðfestingu nauðasamningsins og að úrskurðurinn hafi ekki verið kærður til Hæstaréttar; eða
b) við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar um staðfestingu nauðasamningsins í því tilviki að úrskurður héraðsdóms hafi verið kærður til Hæstaréttar.

*„Greiðslufyrirmæli“*
Merkir eyðublað sem fylgir nauðasamningsfrumvarpinu þar sem kröfuhafar skulu tilgreina bankaupplýsingar, val á gjaldmiðli og, ef við á, hvort þeir velji nýtt hlutafé eða greiðslu reiðufjár skv. B. lið 3. gr.

*„Héraðsdómur“*
Merkir héraðsdómur Reykjavíkur.

*„Hæstiréttur“*
Merkir Hæstiréttur Íslands.

*„Innstæður á geymslureikningum“*
Merkir hvort tveggja geymslugreiðslur og þær greiðslur sem félaginu berast vegna ágreiningsmála.

*„ISK“*
Merkir íslensk króna.

*„Lágmarksgreiðsla“*
Merkir greiðslu að fjárhæð ISK 2.000.000 upp í samningskröfur. Kröfuhafar sem eiga lægri kröfu, og ella teldust samningskröfuhafar, fá kröfur sínar greiddar að fullu og telst það lágmarksgreiðsla í þeirra tilvikum.

*„Lög um fjármálafyrirtæki“*
Merkir lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (með síðari breytingum).

*„Lög um gjaldeyrismál“*
Merkir lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

*„Lög um gjaldþrotaskipti“*
Merkir lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. (með síðari breytingum).

*„Nauðasamningur“*
Merkir nauðasamning félagsins við samningskröfuhafa skv. XXI. kafla laga um gjaldþrotaskipti og 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, sem hlotið hefur tilskilið samþykki kröfuhafa.

*„Nýtt hlutafé“*
Merkir hlutafé í félaginu, sem gefið verður út skv. B. lið 3. gr., og endurspeglar bókfært virði eigna félagsins 2 dögum fyrir útgreiðsludag, allt að ISK 9 milljarðar.

*„Samningskrafa“*
Merkir ótryggð krafa á hendur félaginu sem fellur undir skilgreiningu 29. gr. laga um gjaldþrotaskipti og er að hærri fjárhæð en ISK 2.000.000.

*„Samningskröfuhafi“*
Merkir kröfuhafa sem á samningskröfu á hendur félaginu.

*„Slitastjórn“*
Merkir núverandi slitastjórn félagsins, skipuð af héraðsdómi Reykjavíkur þann 19. maí 2009 og eftir atvikum núverandi meðlimi hennar, Tómas Jónsson hrl. og Berglind Svavarsdóttir hrl.

*„Útgreiðsludagur“*
Merkir þann dag sem greiðslur skv. B. lið 3. gr. eiga sér stað.

*2. Greiðsluhlutfall.*

Samningskröfuhöfum er boðin greiðsla á bilinu 18- 65% samþykktra krafna sinna eins og þær eru tilteknar í kröfuskrá félagsins á gildistökudegi nauðasamningsins, en þó þannig að kröfuhöfum er tryggð lágmarksgreiðsla.

Greiðsla til samningskröfuhafa er skilyrt, sbr. heimild í 3. mgr. 103. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, og er einkum háð endanlegum dómsúrlausnum í málum X-575/2010, ESÍ gegn SPB, og E-2145/2014, SPB hf. gegn ESÍ. Greiðslan er nánar útfærð í 3. gr. og bundin þeim fyrirvörum sem koma fram í 4. gr.

*3. Greiðslur á samningskröfum.*

Greiðslur á samningskröfum munu fara fram í áföngum skv. eftirfarandi greiðsluáætlun.

A. Innan 30 daga frá gildistökudegi:

1. Allir samningskröfuhafar fá greidda fjárhæð er nemur 15% af nafnverði krafna sinna.

2. Lágmarksgreiðsla greidd til kröfuhafa sem ekki teljast samningskröfuhafar.

B. Innan 30 daga frá því að endanleg niðurstaða dómstóla fæst í ágreiningsmáli nr. X-575/2010:

1. Komi til þess að ESÍ fái dæmda samningskröfu á grundvelli ágreiningsmáls nr. X -575/2010, fær ESÍ greidda fjárhæð skv. 1. tl. A. liðar í samræmi við nýja samningskröfu sína.

2. Hlutafé félagsins skal fært niður og nýtt hlutafé gefið út, og úthlutað til ESÍ, og annarra samningskröfuhafa sem það velja.

3. Þeir samningskröfuhafar sem velja að fá ekki afhent nýtt hlutafé fá greitt í reiðufé fjárhæð sem endurspeglar hlutdeild þeirra skv. kröfuskrá í nýju hlutafé.

4. Allir samningskröfuhafar fá greidda fjárhæð í reiðufé af eftirstandandi lausu fé í hlutfalli við samningskröfur í þeirra eigu.

C. Innan 30 daga frá því að endanleg niðurstaða dómsstóla fæst í einkamáli nr. E-2145/2014 fá samningskröfuhafar greitt í hlutfalli við samningskröfur skv. kröfuskrá í samræmi við niðurstöðu málsins.

D. Slitastjórn er heimilt að greiða af innstæðum á geymslureikningum til samningskröfuhafa þegar niðurstaða einstakra ágreiningsmála liggur fyrir. Þegar slitastjórn hefur lokið framkvæmd nauðasamnings í samræmi við 8. gr. skal eftirstöðvum innstæðna á geymslureikningum úthlutað til samningskröfuhafa í hlutfalli við samningskröfur í þeirra eigu.

Greiðslur til erlendra samningskröfuhafa verða greiddar í EUR en samningskröfuhafar, sem teljast innlendir aðilar í skilningi 1. gr. laga um gjaldeyrismál, geta valið um greiðslur í EUR eða ISK. Velji samningskröfuhafi að fá greitt í evrum er greiðslan umreiknuð úr íslenskum krónum yfir í evrur á sölugengi Seðlabanka Íslands á greiðsludegi. ESÍ fær greitt í EUR, ISK og öðrum gjaldmiðlum í sama hlutfalli og til eru í eigu SPB að teknu tilliti til greiðslna til annarra samningskröfuhafa og bundinna innlána. Kröfuhafar sem fá fullar endurheimtur með lágmarksgreiðslu fá greitt í ISK.

*4. Fyrirvarar við greiðslur og greiðsluáætlun.*

Allar greiðslur eru háðar þeim fyrirvara að slitastjórn hafi fengið fullnægjandi greiðslufyrirmæli frá viðkomandi samningskröfuhafa og fyrir liggi sönnun á umboði fyrirsvarsmanns.

Í þeim tilvikum sem kröfur verða greiddar með skuldajöfnuði verður nýtt hlutafé eða aðrar greiðslur ekki afhent fyrr en úr ágreiningi milli SPB og viðkomandi kröfuhafa hefur verið leyst.

Greiðslur skv. B., C. og D. liðum 3. gr. eru háðar niðurstöðum í þeim málum SPB og ESÍ sem rekin eru fyrir dómstólum, þ.e. ágreiningsmáli nr. X-575/2010 og einkamáli nr. E-2145/2014, og geta jafnframt ýmist hækkað eða lækkað eftir þróun á verðmæti eignasafns félagsins og þróun á gengi gjaldmiðla í eigu þess.

Allar samþykktar kröfur sem lýstar voru með forgangi skv. 109. - 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti hafa þegar verið greiddar að fullu eða skilyrði ekki uppfyllt fyrir greiðslu þeirra. Komi fram nýjar kröfur sem kunna að verða viðurkenndar á grundvelli sömu lagaákvæða verða þær fyrst greiddar af eignum félagsins áður en til greiðslu samningskrafna kemur, án þess að fullnægjandi tryggingar verði settar til greiðslu þeirra eða að hluteigandi samþykki skriflega að frumvarpið verði staðfest án þess.

Sá fyrirvari er gerður við frumvarp þetta að Seðlabanki Íslands heimili útgreiðslu á erlendum gjaldeyri samkvæmt frumvarpi þessu.

*5. Staðgreiðsluskylda og vextir.*

Allar greiðslur skv. frumvarpinu geta verið háðar staðgreiðsluskyldu félagsins á fjármagnstekjuskatti, sem yrði dreginn frá áður en útgreiðsla fer fram í samræmi við lög á hverjum tíma.

Samningskröfur bera ekki vexti frá upphafsdegi slitameðferðar 22. apríl 2009.

*6. Geymslugreiðslur.*

Samhliða greiðslum samkvæmt 3. gr. mun slitastjórn halda eftir geymslugreiðslum.

Þær greiðslur sem félaginu berast vegna ágreiningsmála skulu renna inn á geymslureikninga.

*7. Meðferð á kröfum í erlendri mynt.*

Upphafsdagur slitameðferðar miðast við gildistöku laga nr. 44/2009 og er 22. apríl 2009, sbr. nánar 1. mgr. og 2. málslið 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009. Samkvæmt 3. mgr. 99. gr. laga um gjaldþrotaskipti, sbr. 1. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki, var við umreikning krafna yfir í íslenskar krónur miðað við skráð sölugengi Seðlabanka Íslands á þeim degi. Allar samþykktar kröfur eru þannig skráðar í íslenskum krónum í kröfuskrá SPB.

*8. Framkvæmd nauðasamnings og umboð slitastjórnar.*

Slitastjórn annast framkvæmd nauðasamningsins.

Félagið og samningskröfuhafar gefa slitastjórn óafturkallanlegt umboð til þess að greiða greiðslur skv. nauðasamningnum eftir að héraðsdómur hefur staðfest samninginn , þ.m.t. að greiða reiðufé inn á geymslureikninga, sbr. 6. gr. Þá hefur slitastjórn með sama

hætti fullt forræði á ráðstöfun á innstæðum á geymslureikningum, eins og þær eru hverju sinni.

Félagið og samningskröfuhafar gefa slitastjórn óafturkallanlegt umboð til þess að annast meðferð, uppgjör og úrlausn ágreiningsmála, hvort heldur sem er fyrir eða eftir hluthafafund sem haldinn verður í kjölfar útgáfu og úthlutun nýs hlutafjár. Eftir hluthafafundinn skal slitastjórn ekki taka ákvarðanir um ágreiningsmál við skattayfirvöld eða ágreiningsmál sem varða eignir og útistandandi kröfur félagsins án samþykkis stjórnar félagsins.

Stofnist greiðsluskylda á hendur ESÍ vegna einkamáls nr. E-2145/2014 skuldbindur ESÍ sig til þess að inna greiðslu af hendi eftir fyrirmælum slitastjórnar innan 15 daga frá því að endanleg niðurstaða dómsstóla liggur fyrir.

Félagið og samningskröfuhafar gefa slitastjórn óafturkallanlegt umboð til þess að færa að fullu niður hlutafé án endurgjalds til hluthafa og án þess að innköllun eða tilkynningar til hluthafa fari fram og gefa út nýtt hlutafé. Slitastjórn boðar til hluthafafundar samningskröfuhafa eigi síðar en 15 dögum eftir að endanleg niðurstaða dómstóla er fengin í ágreiningsmáli nr. X-575/2010. Á fundinum skal m.a. kjósa nýja stjórn félagsins. Slitastjórn skal í fundarboði þess fundar gera tillögu að nýjum samþykktum fyrir félagið í samráði við ESÍ og þá aðra samningskröfuhafa sem hafa valið greiðslu í hlutafé.

Í framangreindu felst að slitastjórn mun fara með vald hluthafafundar og stjórnar félagsins, líkt og hingað til, þar til eftir framangreindan hluthafafund í SPB.

*9. Ýmislegt.*

Verði vanskil á greiðslum samkvæmt nauðasamningi þessum ber hin vangreidda skuld dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá gjalddaga fram að greiðsludegi.

Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framangreindu.

Hér með er skorað á þá sem telja sig hafa andmæli fram að færa gegn staðfestingu nauðasamnings SPB hf. með framangreindum skilmálum að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem verður háð í dómsal 101 föstudaginn 15. janúar 2016 kl. 11.00 þegar krafa um staðfestingu nauðasamningsins verður tekin fyrir.

Reykjavík, 29. desember 2015.
**Ingimundur Einarsson** dómstjóri.

( 2016000383

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Nauðungarsala - Keflavík

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins Vatnsnesvegi 33, Keflavík, 12. janúar 2016 kl. 12.00 hafi hún ekki áður verið felld niður:

*Heiti eignar:* Vatnsnesvegur 29,

Reykjanesbæ.

*Fastanr.:* 225-7752.

*Gerðarþoli (-ar):* Katharine Svala Rinaudo.

*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Sýslumaðurinn á Suðurnesjum.

*Fjárhæðir krafna í kr.:* 318.383.

2016000367)

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum,

5. janúar 2016.

**Ásgeir Eiríksson.**

( 2016000366

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. apríl 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. desember 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Stuðlafell ehf.,<br>kt. 530994-2529,<br>Aðalstræti 9, Reykjavík | kr. 5.599.707 |

Reykjavík, 5. janúar 2016.
**Pétur Örn Sverrisson hrl.**

( 2016000361

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. apríl 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. desember 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Interco ehf.,<br>kt. 561288-1439,<br>Ránargötu 34, Reykjavík | kr. 6.053.014 |

Reykjavík, 5. janúar 2016.

**Pétur Örn Sverrisson hrl.**

( 2016000362

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. apríl 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. desember 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
| --- | --- |
| Ísland og umheimurinn ehf., kt. 581192-2319, Kringlunni 7, Reykjavík | kr. 4.122.597 |

Reykjavík, 5. janúar 2016.

**Pétur Örn Sverrisson hrl.**

( 2016000363

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. apríl 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. desember 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
| --- | --- |
| Gross co ehf., kt. 701294-6459, Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík | kr. 3.638.014 |

Reykjavík, 5. janúar 2016.

**Pétur Örn Sverrisson hrl.**

( 2016000364

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 23. apríl 2001 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. desember 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
| --- | --- |
| Byggingarfélagið Holt ehf., kt. 551297-2849, Ugluhólum 2, Reykjavík | kr. 44.522.088 |

Reykjavík, 5. janúar 2016.

**Pétur Örn Sverrisson hrl.**

( 2016000365

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 21. janúar 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.
Skiptum á búinu var lokið 15. desember 2015.
Upp í veðkröfur greiddust kr. 3.000.000 en engum kröfum umfram veðkröfur var lýst í búið. Var skiptum lokið samkvæmt 160 gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
| --- | --- |
| Davíð Arnar Hallgrímsson, kt. 071086-6079, Tjarnarbakka 4, Reykjanesbæ | kr. 288.383 |

Reykjavík, 29. desember 2015.

**Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl.**

( 2016000371

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 28. júlí 2014 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.
Skiptum á búinu var lokið 23. desember 2015.
Þar sem ekki voru eignir í búinu til að greiða kröfur sem taka var tillit til við skiptin og erfingjar gengust ekki við skuldum búsins var með vísan til 3. mgr. 62.gr. laga nr. 20/1991 farið með dánarbúið eftir lögum um gjaldþrotaskipti. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
| --- | --- |
| Óttar Örn Vilhjálmsson, kt. 200384-2029, Reynigrund 9, Akranesi | kr. 2.042.955 |

Selfossi, 23. desember 2015.

**Jónína Guðmundsdóttir hdl.**

( 2016000391

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. júní 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. ágúst 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Iceland Skincare ehf.,<br>kt. 561213-2320,<br>Laugavegi 4, Reykavík | kr. 4.198.915 |

Reykjavík, 5. janúar 2016.

**Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir hdl.**

( 2016000392

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 12. nóvember 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.
Skiptum á búinu var lokið 16. desember 2015.
Skiptum lauk í þrotabúinu með úthlutun til forgangskröfuhafa skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 á skiptafundi 16. desember sl. 82,3% forgangskrafna voru greiddar til kröfuhafa. Skv. 112. gr., kr. 971.995, skv. 113. gr., kr. 16.597.039, skv. 114. gr., kr. 71.850.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| K.J. Parketþjónusta ehf.,<br>kt. 660903-2160,<br>Síðumúla 9, Reykjavík | kr. 17.640.884 |

Reykjavík, 21. desember 2015.

**Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.**

( 2016000395

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. desember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. apríl 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Verslunarsambandið<br>Reykjavík ehf.,<br>kt. 490309-1010,<br>Miklubraut 68, Reykjavík | í kr. 24.356.641 |

Reykjavík, 5. janúar 2016.

**Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir hdl.**

( 2016000396

---

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. júní 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 9. desember 2015 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Drangar ehf.,<br>kt. 530707-0590,<br>Vogalandi 7, Reykjavík | |

Reykjavík, 5. janúar 2016.

**Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir hdl.**

( 2016000397

---

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. júní 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.
Skipti á búinu voru endurupptekin skv. 164.gr. l.21/1991 þann 13. mars 2015. Allar lýstar kröfur í búið hafa verið afturkallaðar og forsvarsmönnum Kranans ehf. afhent félagið til frjálsra umráða.
Skiptum á búinu var lokið 21. desember 2015 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Kraninn ehf.,<br>kt. 681196-2349,<br>Fjallalind 43, Kópavogi | kr. 46.505.351 |

Reykjavík, 28. desember 2015.

**Benedikt Sigurðsson hdl.**

( 2016000407

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 15. maí 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 10. desember 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Arnarkló ehf., kt. 641106-1190, Dalskógum 11, Egilsstöðum | kr. 71.238.523 |

Reykjavík, 4. janúar 2016.

**Jóhannes Albert Sævarsson hrl.**

( 2016000408

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 8. október 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. janúar 2016 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Ólafur Þór Benediktsson, kt. 020353-5629, Völusteinsstræti 4, Bolungarvík | Lýstar kröfur í þrotabúið námu samtals kr. 20.404.727 og skiptust þær þannig að lýstar almennar kröfur samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 voru samtals kr. 20.331.567 og eftirstöðar kröfur samkv. 114. gr. sömu laga námu samtals kr. 73.160. |

Reykjavík, 6. janúar 2016.

**Björn Jóhannesson hrl.**

( 2016000409

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

*Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að endurskoðun á deiliskipulagi í Reykjavík.*

*Reykjavíkurflugvöllur.*
Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 5. janúar 2016 meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi í Reykjavík samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fallið verður frá lýsingu skv. 3. mgr. 40. gr. en heimilt er að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Farið var í vinnu við nýtt deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar í kjölfar samkomulags milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group frá 25. október 2013. Deiliskipulagstillagan byggir á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem tók gildi með birtingu í B−deild Stjórnartíðinda þann 26. febrúar 2014 en samkvæmt því verður flugvöllurinn lagður niður í áföngum frá 2015-2024. Núgildandi deiliskipulag fyrir flugvöllinn, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. janúar 1986 ásamt síðari breytingum, þar á meðal heildarendurskoðun, samþykkt í borgarráði 15. júní 1999, fellur úr gildi fyrir það deiliskipulagssvæði sem sú tillaga sem nú er auglýst nær yfir. Deiliskipulagið frá 1986 með síðari breytingum mun áfram gilda fyrir svæði í kringum lóð Loftleiðahótels og hluta af Litla - Skerjafirði þar til annað deiliskipulag verður unnið fyrir þessi svæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15, frá 6. janúar 2016 til og með 17. febrúar 2016. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 17. febrúar 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,
**Björn Axelsson.**

( 2016000372

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

*Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022.*
*Ný og breytt iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar.*
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir hér með tillögu

að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að færa lyktarmengandi iðnað fjær íbúðabyggð og minnka vægi stórra iðnaðarsvæða fyrir orkufrekan iðnað. Einnig er svæðið sunnan við Suðurstrandarveg stækkað bæði í þéttbýlisuppdrættinum og dreifbýlisuppdrættinum til að mæta óskum um uppbyggingu á fiskeldisfyrirtækjum.

Breytingin felst m.a. í eftirfarandi:

1. Stækkun svæða I23, I3 og I2 til að mæta óskum um uppbyggingu á fiskeldisfyrirtækjum á þessu svæði. Svæði I2 nær til austurs að mörkum svæðis á náttúruminjaskrá nr. 757. Gömul vörðuð þjóðleið og reiðvegur er innan þessa svæðis. Tekið verður tillit til þessara leiða í deiliskipulagi fyrir svæðin. Gönguleið sem liggur frá Þorlákshöfn að Selvogi liggur utan við iðnaðarsvæðin.
2. Breytingar sem gerðar hafa verið á aðalskipulaginu frá 2012, sem ná til þessara svæða, er getið í greinargerðinni.
3. Breytingin nær til iðnaðarsvæða sem fyrirhuguð voru fyrir grófan iðnað. Svæði vestan við jörðina Þorlákshöfn eru feld út. Gerð eru tvö svæði I20 og I24 innan jarðarinnar Þorlákshöfn. Innan svæðis I24 er gert ráð fyrir að fyrirtæki með lyktarmengandi starfsemi geti staðsett sig.
4. Ábendingar frá Skipulagsstofnun eru með gögnunum sem auglýst verða.
5. Breytingartillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn frá og með fimmtudeginum 7. janúar 2016 til fimmtudagsins 18. febrúar 2016 og hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss, www.olfus.is. og á heimasíðu Landmótunar, www.landmotun.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til fimmtudagsins 18. febrúar 2016. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ölfuss eða á netfangið sigurdur@olfus.is.

F. h. Ölfuss,
**Sigurður Ósmann Jónsson** skipulags- og byggingarfulltrúi.

( 2016000373

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Auglýsing um skuplag - Uppsveitir Árnessýslu, Flóahreppur og Ásahreppur

*Aðalskipulagsmál:*

*Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

*1. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, á spildu úr landi Egilsstaða.*
Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps sem felur í sér að hluti svæðis fyrir frístundabyggð, merkt F8, úr landi Egilsstaða breytist í landbúnaðarsvæði. Svæðið er um 10 ha að stærð og er fyrirhugað að þar verði stofnað nýtt lögbýli.

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

*2. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á lögbýlinu Hraunvellir. Nýtt svæði fyrir verslun- og þjónustu.*
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að afmarkað er svæði fyrir verslun- og þjónustu á lögbýlinu Hraunvellir þar sem fyrirhuguð er uppbygging gistiþjónustu fyrir ferðamenn.

*Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

*3. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 -2012 í landi Brekku, Bláskógabyggð. Landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.*
Auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að um 7 ha svæði í landi brekku sem afmarkast af Vallá, Kóngsvegi og landamörkum við Efri-Reyki breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð.

*Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:*

*4. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 -2012, Bláskógabyggð, á spildu úr landi Einiholts. Verslun- og þjónusta í stað landbúnaðarsvæðis/efnistökusvæðis.*
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 10. desember 2015 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að gert er ráð fyrir svæði fyrir verslun- og þjónustu á spildu úr landi Einiholts á svæði milli Einiholtslækjar og þjóðvegar, sunnan við bæjartorfu Einiholts. Tillagan var auglýst frá 22. október til 4. desember 2015. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

*5. Breyting á aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016 í Bláskógabyggð, Brennimelslína 1. Færsla á háspennulínu.*
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 12. nóvember 2015 tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Brennimelslínu 1. Tillagan var auglýst frá 3. september til 16. október 2015. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið staðfest af Skipulagsstofnun. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

*Deiliskipulagsmál:*
*Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:*

*6. Deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.*
Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags sem nær til Minjastaðarins Stangar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og til svæði við Gjána sem er aðeins austar. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að útbúa ramma yfir framkvæmdir sem nauðsynlegt er að fara í til að bæta aðstöðu vegna aukins álags ferðamanna.

*Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:*

*7. Deiliskipulag sem nær til lögbýlisins Ásborg í Ásahreppi auk tveggja spildna úr landi Áss 1.*
Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 60 ha svæðis og þriggja spildna (Ásborg 220760, Ás 1 spilda 2 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232). Á hverri spildu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, bílskúr/gestahús og skemmu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:*

*8. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Koðrabúðir úr landi Heiðar í Bláskógabyggð. Skilmálabreyting.*
Auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Koðrabúðir sem felst í að skilmálar breytast á þann veg að byggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0.03 í stað þess að miða hámarksstærð húsa við 80 fm.

*9. Deiliskipulag fyrir lóðina Sökk 5 úr landi Efri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þrjár frístundahúsalóðir.*
Auglýst tillaga að deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum á landi sem heitir Sökk 5 úr landi Efri-Brúar og liggur við austanvert Úlfljótsvatn. Tvær lóðirnar eru rúmlega 1 ha að stærð en sú þriðja er um 2,3 ha. Á hverri lóð er heimilt að byggja frístundahús ásamt aukahúsi. Byggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0.03 en hámarksstærð aukahúss er 40 fm.

*10. Deiliskipulag fyrir 1 ha svæði úr landi Langholts 2 (lnr. 166249) í Flóahreppi. Frístundahús til nota í ferðaþjónustu.*
Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 1 ha spildu á bæjartorfu Langholts 2. Afmarkaður er byggingarreitur (B1) þar sem heimilt verður að byggja 2 ný allt að 85 fm frístundahús auk þess sem heimilt verður að stækka núverandi hús (34 fm í dag) í sömu stærð.

*11. Deiliskipulag fyrir lóðina Fljótsholt í Reykholti, Bláskógabyggð. Íbúðarhúsalóðir.*
Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Fljótsholt í Reykholti sem er um 1 ha að stærð og er í aðalskipulagi skilgreind sem íbúðarsvæði. Með auglýsingu sem birtist þann 25. júní sl. var auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem náði til lóðarinnar þar sem gert var ráð fyrir að á henni yrðu byggð 16 íbúðarhús á bilinu 50-90 fm. Athugasemdir bárust og tók breytingin ekki formlega gildi. Þá breyttust forsendur þar sem deiliskipulag fyrir þéttbýlið Reykholt var fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nú hefur sveitarstjórn samþykkt að auglýsa deiliskipulag fyrir lóðina Fljótsholt sem felst í að gert er ráð fyrir 6 parhúsum á bilinu 100-140 fm að stærð auk 4 einbýlishúsa á bilinu 100-120 fm. Öll hús verða á einni hæð.

*12. Deiliskipulag fyrir tvær frístundahúsalóðir úr landi Heiðarbæjar í Bláskógabyggð. Lóðir með lnr. 170186 og 222397.*
Auglýst tillaga að deiliskipulagi sem nær til tveggja um 1,5 ha frístundahúsalóða í landi Heiðarbæjar á svæði milli Torfadalslækjar og Móakotsár. Aðkoma að lóðunum er frá Þingvallavegi (nr. 36). Á hvorri lóð verður heimlt að reisa allt að 250 fm frístundahús og allt að 30 fm aukahús.

*Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:*

*13. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Klausturhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Rimahverfi.*
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 19. ágúst 2015 tillögu að deiliskipulagi sem nær til frístundabyggðar úr landi Klausturhóla sem kallast Rimahverfi. Tillagan var auglýst frá 13. maí til 25. júní 2015. Var deiliskiplulagið samþykkt með breytingum á greinargerð til að koma til móts við umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til afgreiðslu og þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

*14. Deiliskipulag verslunar- og þjónustulóðar á spildu úr landi Einiholts 1 í Bláskógabyggð.*
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 10. desember 2015 tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis á spildu úr landi Einiholts 1 sem liggur milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegarg. Tillagan var auglýst frá 22. október til 4. desember 2015. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögur nr. 1-2 og 6-7 er í kynningu frá 7. til 18. janúar 2016 en tillögur nr. 3 og 8-12 frá 7. janúar til 12. febrúar. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1-2 og

6-7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 18. janúar 2016 en 12. febrúar fyrir tillögur nr. 3 og 8-12. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
skipulagsfulltrúi.

( 2016000380

---

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

*Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.*

*Kjalarnes, Sætún.*
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. nóvember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann 10. desember 2015 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar að Sætúni I, Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. sameining tveggja lóða í eina og breyting á byggingareit. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

*Veghúsastígur 9 og 9A.*
Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. desember 2015 og borgarráði Reykjavíkur þann17. desember 2105 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Veghúsastíg. Í breytingunni felst m.a. breytt notkun íbúðarhúsnæðis á vestari hluta lóðar í íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæði, heimild til reksturs gistiheimilis í flokki I, II eða III, rífa núverandi tengibyggingu á baklóð og byggja nýja tengibyggingu með kjallara milli húsanna, stækkun á byggingareit og hækkun á nýtingarhlutfalli. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 8. janúar 2016 til og með 19. febrúar 2016. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 19. febrúar 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík, 8. janúar 2016.
**Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.**

( 2016000405

---

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

*Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.*

*Miklabraut frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð.*
Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi Miklubrautar frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð. Deiliskipulagstillagan byggir á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem tók gildi með birtingu í B−deild Stjórnartíðinda þann 26. febrúar 2014. Þrátt fyrir að meginforsendur fyrirhugaðra framkvæmda við Miklubraut liggi fyrir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, var ákveðið að gera lýsingu fyrir gerð deiliskipulagsbreytingarinnar sem var kynnt 19. október til 9. nóvember 2015. Í deiliskipulagstillögunni er gerð breyting á útfærslu Miklubrautar á þeim kafla götunnar sem liggur sunnan við Klambratún, þ.e. frá gatnamótum við Rauðarárstíg að gatnamótum við Lönguhlíð. Megintilgangur breytingarinnar er að koma fyrir forgangsleið fyrir Strætó í austurátt meðfram Miklubraut sunnanverðri. Til þess þarf að endurhanna götuna og hliðra henni um eina akrein til norðurs. Gert er ráð fyrir að sú akrein sem nú er sú syrði á austurleið verði því forgangsakrein fyrir strætó og því bætist við ein akrein utan á þá sem nyrst er á vesturleið. Gatan mun því ekki færast nær þeirri íbúðarbyggð sem er sunnan Miklubrautar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15, frá 8. janúar 2016 til og með 19. febrúar 2016. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 19. febrúar 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,
**Björn Axelsson.**

( 2016000406

---

Útgáfud.: 6. janúar 2016

## Stefna - til ógildingar á tryggingabréfi

**Dómstóri héraðsdóms Reykjavíkur,**
**Ingimundur Einarsson,**
gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Júlí Ósk Antonsdóttir hdl., Lögmönnum Norðurlandi, Skipagötu 1, Akureyri, að hún þurfi fyrir hönd Öglu Bjarkar Einarsdóttur, kt. 230864-4979, Merkjateigi 5, Mosfellsbæ, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tryggingarbréfi (skráð sem veðskuldabréf án vaxta í þinglýsingarbókum) í eigu Öglu.

*Dómkröfur:*Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf (veðskuldabréf án vaxta) útgefið af Höllu Svanþórsdóttur, kt. 081243-3609, Barrholti 19, Mosfellsbæ, þann 28. nóvember 2002. Tryggingarbréfið (veðskuldabréfið) er að nafnverði kr. 6.000.000, án vaxta en bundið vísitölu neysluverðs 224,1. Tryggingarbréfið (veðskuldabréfið) er með veði (3. veðréttur) í Barrholti 19, 270 Mosfellsbæ (fastanr. 208-2844). Bréfið var fært inn í þinglýsingarbækur þann 30. janúar 2003 og fékk þar skjalnr. 411-A-001823-2003.

*Málsástæður:* Stefnandi kveðst vera eigandi framangreinds tryggingarbréfs (veðskuldabréfs) en það sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Bréfið er að fullu greitt en stefnanda hefur reynst ómögulegt að fá veði (3. veðréttur) í Barrholti 19, 270 Mosfellsbæ (fastanr. 208-2844) aflétt þar sem frumrit bréfsins er glatað.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til 120. – 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Stefnandi kveðst muna leggja fram við þingfestingu málsins eftirfarandi gögn:
1. Stefnu þessa.
2. Útprentun af heimasíðu Lögbirtingablaðs þar sem stefnan sést birtast.
3. Afrit tryggingarbréfsins (veðskuldabréfs án vaxta).

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf (veðskuldabréf) undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 11. febrúar 2016 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda verði teknar til greina.
Stefnufrestur er einn mánuður.

Héraðsdómi Reykjavíkur,
Reykjavík, 21. desember 2015.
**Ingimundur Einarsson** dómstjóri.

( 2016000370

Útgáfud.: 8. janúar 2016

## Stefna - til ógildingar á tryggingabréfum

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,**
gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Björn Þór Karlsson, löglærður fulltrúi, f. h. Gunnars Thoroddsen hdl., Lögfræðistofu Gunnars Thoroddsen, Laugavegi 182, Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir hönd RR Hótel ehf., kt. 530906-0940 til ógildingar á tryggingarbréfi útgefnu 30. ágúst 2011.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þá dómkröfu að ógilt verði með dómi tryggingarbréf nr. 7766 sem útgefið var í Reykjavík þann 30. ágúst 2011 af RR Hótel ehf. (áður Gistiheimilið Dómus ehf.), kt. 530906-0940, til Arion Banka hf., kt. 581008-0150, að fjárhæð kr. 10.500.000, með veði á 2 veðrétti og uppfærslurétti í fasteignunum Veghúsarstíg 9, fastanúmerum 200-3266, 200-3267 og 200-3268.

*Málavextir og málsástæður:* Stefnandi kveður málsatvik vera þau að RR Hótel ehf. (áður Gistiheimilið Dómus ehf.), hafi þann 30. ágúst 2011 gefið út tryggingabréf til tryggingar skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum sínum við Arion Banka hf. Samtals var um að ræða kr. 10.500.000 bundin vísitölu neysluverðs og að veði voru settar fasteignirnar að Veghúsarstíg 9, þ.e. fastanúmer 200-3266, 200-3267 og 200-3268.

Stefnandi kveður að Arion Banki hafi afhent stefnanda tryggingabréfið þann 20. febrúar 2012 og áður áritað það um afhendingu til fullrar og frjálsrar ráðstöfunar þann 2. mars 2012. Nú sé frumrit tryggingabréfsins glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og eftirgrennslan. Vegna þess hafi ekki verið unnt að afmá þau úr veðbókum og sé stefnanda því brýn nauðsyn að fá þau ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta þeim af fasteignunum.

*Lagarök:* Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn og áskilnaður:* Við þingfestingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:
1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit tryggingabréfs útg. 30. ágúst 2011.
4. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.
5. Fasteignaskýrsla og veðbandayfirlit, Veghúsarstígur 9, Reykjavík, fnr. 2003266 dags. 18. desember 2015.
6. Fasteignaskýrsla og veðbandayfirlit, Veghúsarstígur 9, Reykjavík, fnr. 2003268 dags. 18. desember 2015.
7. Fasteignaskýrsla og veðbandayfirlit, Veghúsarstígur 9, Reykjavík, fnr. 2003267 dags. 18. desember 2015.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreind tryggingabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 9. febrúar 2015, kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til tryggingarbréfanna og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.
Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 23. desember 2015.
**Ingimundur Einarsson.**

( 2016000399

Útgáfud.: 7. janúar 2016

## Svipting fjárræðis

Með vísan til 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 tilkynnist að með úrskurði, uppkveðnum 6. janúar 2016 í héraðsdómi Reykjavíkur, var Kristján Geir Valentin Ólafsson, kt. 070198-3989, sviptur lögræði, bæði fjárræði og sjálfræði tímabundið í 2 ár við 18 ára aldur.

Reykjavík, 6. janúar 2016.
**Þórður Clausen Þórðarson** héraðsdómari.

( 2016000390

Lögbirtingablað,
10. tölublað 2016.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,
**Anna Birna Þráinsdóttir.**